



Efnisyfirlit


Framtíð bjarta.....	7	Fingravísur	13
Skólasöngur Hjallastefnunnar	7	Einn og tveir og þrír	13
Skólasöngur Hjallastefnunnar	8	Dýrin í Afríku	14
Morgunsöngur.....	8	Krúsilíus	15
Vikivakar	9	Allir hafa eitthvað til að ganga á... 16	
Ég vil vera í... ..	9	Fiskarnir tveir	16
Kveðjusöngur	10	Hátt upp í fjöllumum	17
Valfundasönglag.....	10	Kisan	17
Elsku lagið	10	Þrisvar gjörði í hana að slá, slá, slá, slá.	17
Halló!	11	Kalli / Kata litla könguló	17
Spilar á trommuna	11	Ding – Dong	18
Nafnalag.....	11	Kisa mín.....	19
Datt í kolakassann.....	11	Foli, foli fótalipri.....	19
Dansar á pallinum	12	Uglan	20
Á Íslandi á ég heima	12	Fagur fiskur í sjó.....	20
Brosa	12	Apalagið.....	20
Fingurnir.....	13	Klói Kattarskrækur	20
		Hér búálfur á bænum er	21
		Tveir kettir.....	22




Við getum heyrt.....	22	Zum Gali	28
Í rigningu ég syng	23	Skýin.....	29
Hreyfa - frjósa.....	23	Stóra brúin.....	29
Skósmíðadansinn.....	23	Strætó	29
Höfuð, herðar, hné og tær	23	Bimbó	30
Bátasmiðurinn.....	23	Lonníetturnar.....	30
Tilfinningablús	24	A og B	31
Hnátutátublús.....	24	Vinaljóð	31
Upp á grænum, grænum.....	24	Óðurinn til gleðinnar.....	31
Tombai	24	Malaika.....	32
Mýsla dansar.....	25	Vinur minn	32
Tvö skref til hægri... ..	25	Það var eitt sinn kona.....	33
Bela mama!	25	Velkomnir krakkar	33
Kíkir tekinn upp og horft eftir fiskimiðum.....	26	Amma og draugarnir	34
Upp, upp, upp á fjall.....	26	Gunnuvísur	35
Nammilagið	27	Ég ætla að syngja	36
„Druslu-lagið“	27	Söngvastúlkur /Söngvasveinar	36
Aníkuní.....	27	Ruggutönnin.....	37
Lítill heimur	28	Ég skal mála allan heiminn.....	37
		Ef þú ert súr.....	38




Ein stutt, ein löng.....	38	Lærðu að fylgja.....	47
Já gríðar er gaman.....	39	slættinum í regninu.	47
Nú skulum við klappa í takt.....	39	Hllusta nú.....	47
Syngjandi geng ég allsstaðar	40	Heyr hvernig vindurinn	47
Saknaðarljóð	41	gnauðar nú.....	47
Strengir.....	41	Hlustaðu og leiðina	47
Mikka refs vísur.....	42	finnur þú.....	47
Vögguvísa.....	42	Lærðu að fylgja.....	47
Vísurnar um refinn.....	43	slættinum í hjartanu.	47
Lína Langsokkur.....	44	Hlusta nú.....	47
Bangsímon	45	Horfðu yfir dalinn	47
Við eigum hvor annan að	45	og fjöllin blá.	47
Ég er vinur þinn.....	46	Þar búa álfar	47
Hlusta nú.....	47	og tröllin há.....	47
Hallveit Thorlacius/Eivör Pálsdóttir		Þau bíða og kalla á þig nú.....	47
.....	47	Heyrir þú?	47
Lærðu að hlusta.....	47	Hlusta nú.....	47
með hjartanu.	47	Drekalagið	47
Lærðu að hlusta.....	47	Hallveit Thorlacius/Eivör Pálsdóttir	
með maganum.....	47	47




Skrímlið litla systir mín.....48	já, loksins rétta myndin.....48
Hallveit Thorlacius/Eivör Pálsdóttir	Því litla skrímslið systir mín48
.....48	er svo sæt og fyndin.48
Sæta góða barnið mitt48	Kannski er ekki alltaf allt48
sofðu í faðmi mínum.48	eins og okkur sýnist.48
Leggðu litla nefið þitt.....48	En hjarta þínu hlýða skalt48
létt að brjósti mínu.....48	svo gleðin aldrei týnist.48
Ég skal strjúka enni þitt48	Einbúinn.....49
hvísla þér í eyra.....48	Hudson Bay.....49
Mínar sögur, yndið mitt,.....48	Fiskurinn hennar Stínu50
allar færðu að heyra,.....48	Söngurinn hennar Sigu50
Ef að skrímslin fara á stjá.....48	Ég heyri svo vel51
og skjóta skelk í bringu.....48	Á Sprengisandi51
skaltu inn í hjartað gá48	Vísur Vatnsenda-Rósu52
litli strákalingur.48	Dómar heimsins.....52
Mundu bara að mamma þín48	Yndislegt líf.....53
mest af öllu í heimi48	Ef væri ég söngvari.....53
elskar litla strákinn sinn48	Snillingarnir54
í sínu hjarta geymir.48	Íslenskt stafróf.....54
Hérna kemur myndin þín.....48	Afmælisdiktur55



Stökur.....	56	Þorraprællinn 1866	72
Fleiri stökur.....	57	Veturinn.....	74
Óskasteinar	58	Mér er kalt á tánum	74
Kvæðið um fuglana	59	Vetrarkuldinn.....	75
Myndin hennar Lísu	60	Frost er úti	75
Bíum, bíum, bambaló	60	Nú er úti norðanvindur.....	75
Klementínudans.....	60	Þungt ymur Þorrinn	76
Vatn úr þúsaldarljóðum.....	61	Móðir mín í kví kví	77
Eldur úr Þúsaldarljóðum.....	61	Völuvísa	77
Sumri hallar	62	Ekillinn frá Álfahamri (braghenda)	
Nú blánar yfir berjamó	62	83
Berjaför.....	63	Til veiga.....	84
Hvert er horfið laufið?	64	Hættu að gráta hringaná	84
Út um mó, inn í skóg.....	64	Þorakvæði	85
Kling, klang, klukkan slær	64	Stína kvæðakona kveður ☺	88
Rigningardagur í nóvember	65	Blessuð sólin elskar allt.....	88
Útlaginn.....	66	Íslenskt vögguljóð á Hörpu	90
Krummi krunkar úti.....	67	Maístjarnan	90
Krumminn í hlíðinni	67	Fuglakantata	92
Krummi svaf í klettagjá	70	Sumarkveðja	94



Sól.....	94	Í fjalladal.....	102
Út um mela og móa.....	95	Við göngum svo léttar.....	102
Blátt lítið blóm eitt er	95	17. júní	102
Sá ég spóa	95	Með sól í hjarta	103
Krakkar út kátir hoppa	96	Það er vor	103
Græn eru laufin.....	96	Þingvallasöngur	104
Nú er sumar.....	97	Signir sól.....	104
Sól sól skín á mig	97	Björkin	104
Signir sól.....	97	Vorvindar glaðir	105
Vorvindar glaðir.....	98	Mér um hug og hjarta nú.....	106
Frjálst er í fjallasal	98	Lög úr enskukennslu	108
Kveikjum eld.....	99	I like the flowers.....	112
Heiðlóarkvæði.....	99		
Þýtur í laufi.....	100		
Vertu til.....	100		
Vorvísa	100		
Við göngum mót hækkandi sól... 100			
Göngum göngum.....	101		
Nú sólin skín.....	101		
Lóan er komin	101		



Framtíð bjarta

Nordahl Grieg/Sindri Birgisson

Okkar er kjarkurinn og kurteisinn
frábær sál og fegurðin.
Stórkostlegir einstaklingar,
svakalegir snillingar.
Við æfum okkur allan daginn
svo okkur gangi allt í haginn,
því æfingin skapar meistaran
ég er stolt/ur af öllu sem ég kann.


Þú ert þú og ég er ég.
Saman göngum lífsins veg.
Hjálpumst að ef bjátar á,
vonum og þrám við skulum ná.
Brosandi er andi minn,
með opnum örmum gleði finn.
Hamingjusöm hjörtu
fagna framtíðinni björtu.

Skólasöngur Hjallastefnunnar

Atli Heimir Sveinsson / Auður Teitsdóttir

Í skóla er gaman
krakkar leika.
Strákarnir dansa,
stelpur spinna
gleði finna.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.

Í skóla er gaman
krakkar leika.
Stelpurnar dansa,
strákar spinna
gleði finna.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.
Hlæja og hlæja í hjarta sér.



Skólasöngur Hjallastefnunnar

Georg Riedel-Söngur Idu úr Emil í Kattholti/Unnur
Halldórsdóttir

Í skólanum gagn er og gaman,
og gleðin í hjörtunum býr.
Með stolti þar störfum við saman,
og stefnan er einföld og skýr:
Hér eiga sín allir að njóta,
og upplifa hamingju og sátt.
Já, múrana burtu skal brjóta,
og benda í framtíðarátt.


Hér viljum við vináttu rækja,
og vera hvert öðru svo góð.
Af forvitni fróðleikinn sækja,
og fylla á reynslunnar sjóð.
Á oddinn við umhverfið setjum,
og ætlum að standa þar vörð.
Já, alla við endregið hvetjum,
til umhyggju við þessa jörð.

Ef styrkinn sinn stelpurnar nýta,
þær stökkva yfir hindranir létt.
Á fjölbreyttar lausnir þær líta,
og lífsglaðar taka á sprett.
En strákarnir farveginn finna
og fimlega stíga sinn dans.
Þeir einhuga allir hér vinna,
og allir því komast til manns.

Morgunsöngur

Frá Jógafélaginu Ananda Marga

Góðan dag kæra jörð,
góðan dag kæra sól,
góðan dag kæra tré,
og blómin mín öll.
Sæl fiðrildin mín,
og lóan svo fín.
Góðan dag fyrir þig,
góðan dag fyrir mig.



Vikivakar

Valgeir Guðjónsson/Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða,
sumarylinn vindar leiða
- draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
- mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndið þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!


Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma
- segðu engum manni hitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Ég vil vera í...

Pía Laug/Ebba Munk /hjallískur texti

Ég vil vera í stúlkna/drengjahóp.
Með þeim fara í föndurkrók,
leira kubba hafa gaman,
glaðar/ir leika allar/ir sama.
Vera brosandi í framan.
Ég vil vera í stúlkna/drengjahóp.

Ég vil vera í stúlkna/drengjahóp.
Læra stafi lesa í bók.
Frá góðum vinkonum/vinum aldrei fara,
með þeim hlæja grínast bara.
Inn í framtíðina stara.
Ég vil vera í stúlkna/hóp.



Góðan daginn

Góðan daginn, sabah elkheir.
Guten tag, ja, god dag.
Buon giorno, good morning,
buenos días, bonjour!

Góðan dag, góðan dag.
Hello, guten tag.
Welcome, welcome,
welcome, welcome.
Buenos días, buenos días!
Weee....!

Kveðjusöngur

Lagboði: Krummi svaf í klettagjá-Íslenskt þjóðlag

Takk fyrir daginn
og sjáumst á morgun.
Hressar og kátar með glaðan svipinn,
munum eftir honum.
Já já já já já já.

Valfundasönglag


Höfundur ókunnur/Særún Þorláksdóttir og drengir í stóra hópi

Við á _____kjarna
erum góðar vinkonur/góðir félagar.
Okkur þykir gaman
að vera alltaf saman.
Á valfundum við erum
stundum óheppin,
þegar svæðin eru upptekin.
Ekki fylu, bara hress, bara hress.
Og við veljum okkur
bara eitthvað annað.

Elsku lagið

Hjallískt lag (nafn barnsins sett inn í eyðurnar)

____, elsku besta/besti ____
Öll við elskum ____
Og við syngjum:
____og____og____og____
og ____ (næsta barn).



Halló!

franskt keðjulag – Meistari Jakob

Kæra/kæri _____!

Kæra/kæri _____!

Stattu upp, stattu upp!

Komdu sæl/sæll og blessuð/-aður,
komdu sæl/sæll og blessuð/-aður!

Sestu nú, sestu nú!

Spilar á trommuna

Lars Lindberg/M.P.Ó

_____ spilar á trommuna,
hún/hann spilar á trommuna
við syngjum öll með.

Góðan dag, góðan dag,
hvernig líður þér í dag?
Vonandi líður þér vel.

Nafnalag

Höfundar ókunnir

∴ Nú skulum við segja hvað við heitum ∴:

Hvað heitir þú?

∴: "Jóna", "Jóna", já-já-já ∴:


Datt í kolakassann

Þjóðvísa með breyttum texta

_____ datt í kolakassann
hæ fadderí, fadderall-all-a.

_____ átti að passa 'ana
hæ fadderí, fadderall-all-a.

Ef hún _____ vissi það
þá yrði hún alveg steinhissa.
Hæfadderí, hæfaddera,
hæfadderí, fadderall-all-a.



Dansar á pallinum

Höfundar ókunnir

____ dansar á pallinum
og ____ skellihlær.
____ er á sokkunum
og ____ datt í gær.
____ keyrir bíl með ____ í
og ____ kastar bolta til ____.

Við klöppum öll...

Höfundar ókunnir

∴: Við klöppum öll í einu. ∴:
við klöppum öll í einu,
þá líður okkur vel.
(*stappa, hoppa, hlæja o.s.frv.*)

Á Íslandi á ég heima

Ísraelskt þjóðlag Havenu Shalom/Baldur A.
Kristinsson og Birte Harksen


∴: Á Íslandi á ég heima ∴:
Og þar ég stundum læt mig dreyma,
að börn frá öllum löndum
saman leiki sér!

(*og öll lönd sem okkur dettur í hug*)

Brosa

Amerískur mars (John Brown's body)

Það er ókeypis að b r o s a
það er ókeypis að b r o s a
það er ókeypis að b r o s a
að b r o s a
BROSA



Fingurnir

Íslensk þula

Þumalfingur er mamma
sem var mér vænst og best.

Vísifingur er pabbi
sem gaf mér rauðan hest.

Langatöng er systir
sem býr til falleg gull.

Baugfingur er bróðir
sem þrjónar sokka úr ull.

Litlifingur er barnið
sem leikur sér að skel,
litli þínu anginn sem stækkar svo vel.

Hér er allt fólkið svo fallett og nett,
fimm eru í bænum er talið er rétt.
Ósköp væri gaman í þessum heim,
ef öllum kæmi saman jafn vel og þeim.

Fingravísur

höf. ókunnur/Steingrímur Arason


Þumalfingur, þumalfingur,
hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég:
Góðan daginn, daginn, daginn.
Vísifingur...o.s.frv.

Einn og tveir og þrír

Mexikóskt barnalag/Steingrímur Arason

Einn og tveir og þrír, fjórir, fimm og sex.
sjö og átta og níu, teljum upp að tíu
:,: Lala la la la, lala la la la,
lala la la la la :,:



Dýrin í Afríku

Thorbjörn Egner /þýð. Sigríður Ingimarsdóttir

Hér koma nokkrar vísur,
sem þið viljið máske heyra.
Um dýrin út í Afríku,
um apana og fleira.

Viðlag:

*::: Hoja, hoja, a ha ha :::
um dýrin út í Afríku
um apana og fleira.*

Hæst í trjánum hanga þar
hnetur og bananar.
Þar hefðarapar hafa bú.
Þeir heita bavíanar.


Úr pálmablöðum eru gerðar
apabarnavöggur,
en barnfóstran er voða gamall
páfagaukaskröggur.

Og hér þarf ekkert slökkvilið
og engan brunahana.
Því fillinn slekkur allan eld
með ógnarlöngum rana.

Í trjánum sitja fuglarnir
og syngja allan daginn.
Og vatnahestur bumbu ber
og bumban – það er maginn.

Þetta fjöruð músik er,
svo dýrin fara að dansa.
Þau dansa fram á rauða nótt,
og vilja ekki stansa.

Hjá gíröffunum sút og sorg
það var svei mér ekki af engu,
því átta litlir gíraffar
illt í hálsinn fengu.



En nashyrningur læknir kom
með nefklemmur og tösku.
Hún gaf öllum hálstöflur
og hóstasaft af flösku.

Krókóðillinn stóri fékk
kveisu hér um daginn.
Hann hafði étið apakött,
sem illa þoldi maginn.

Svo var skinnið skorið upp.
Það skelfing var að heyra.
Kvæðið langt um lengra er,
en ég lærði ekki meira.

Krúsilíus


Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Kannast þú við köttinn minn,
hann klókur er og besta skinn.
Hann er stærri en hestur og stærri en hús.
Kötturinn minn heitir Krús.. Krús.. Krús..
Krúsilíus, Krúsilíus.

Hann er gulur og grænn og blár,
galdraköttur í húð og hár.
Og ég veit hvað hann syngur og víst er
það satt,
að Krúsilíus hann á köflóttan hatt.
Hann Krúsilíus, Krúsilíus

Krúsilíus kynlegur er
og klórar oft í tærnar á mér.
Hann vill aldrei fisk, er með væl og pex
og segist bara vilja súkkulaðikex.
Krúsilíus, Krúsilíus

Og ekki nennir hann að elta mýs,
því alla daga vill hann rjómaís.
Og hann er alltaf að stækka en enginn það
sér,
því Krúsilíus býr í kollinum á mér.
Hann Krúsilíus, Krúsilíus, Krúsilíus.



Allir hafa eitthvað til að ganga á

Ólafur Haukur Símonarson

∴ Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá. ∴∴

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær,
músin hefur margar smáar,
en ormurinn hefur ansi fáar.

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga,
krókódíllinn kjaftinn ljóta,
sá er nú klár að láta sig fljóta.

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir,
á hnúum hendast aparnir,
á rassinum leppalúðarnir.

Fiskarnir tveir


Saxie Dowell/höf. ókunnur

Hefur þú heyrt söguna um fiskana tvo,
sem ævi sína enduðu í netinu svo?
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Einn hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru ofurlitlir báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!



Hátt upp í fjöllumum

danskt lag/höf. ókunnur

Hátt upp í fjöllumum

þar búa tröllin.

Tröllamma, tröllapabbi

og litli Trölli rölli.

Bú, sagði tröllamma

bú sagði tröllapabbi,

en hann litli Trölli rölli

sagði bara gúgú (hvíslað)

Bjöllukýr

Norskt þjóðlag/þýð. Hildigunnur Halldórsdóttir

Týnd er nú mín besta bjöllu kýr,

ber nafnið Rauðagullstjarna.

Pabbi lét mig leita,

líðst mér engin þreyta.

Amma út mig sendi,

otaði að mér vendi.

Komdu nú kusa mín,

∴ KOMDU ∴

Kisan

Jón Ásgeirsson/Ísl. þjóðkvæði

Kisan gluggann kom upp á,

kom upp á, kom upp á.

Konur bað að opna skjá,

opna skjá, opna skjá.

Einhver vöndinn þreif upp þá,

þreif upp þá, þreif upp þá.

Þrisvar gjörði í hana að slá, slá, slá, slá.

Kalli / Kata litla könguló


enskt lag/höf. ókunnur

Kata litla könguló klifraði upp á vegg,

þá kom rigningin og Kata litla datt.

Svo kom sólin og þerraði hennar kropp

og Kata litla könguló, klifraði upp á topp.



Ding – Dong

Höfundar ókunnir

Ding, dong, sagði lítil grænn froskur einn dag,
ding, dong, sagði lítil grænn froskur.
Ding, dong, sagði lítil grænn froskur einn dag,
og svo líka ding, dong - spojojojong!

Mm, ðð, sagði lítil græn eðla einn dag,
mm, ðð, sagði lítil græn eðla.
Mm, ðð, sagði lítil græn eðla einn dag,
og svo líka mm, ðð - blrrllrrllrr!

King, kong, sagði stór svartur api einn dag,
king, kong, sagði stór svartur api.
King, kong, sagði stór svartur api einn dag,
og svo líka king, kong - gojojoyo!

Búbl, búbl, sagði lítil gullfiskur einn dag..
Mjá, mjá, sagði lítil grá kisa einn dag..
Rraa, rraa, sagði lítið gult ljón einn dag...


Fílalagið

Sören Muhlhausen/höf. ókunnur

::: Ég þekki feitan fíl :::
sem segir tu-u-u-u-u-
Ef hann horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott, brott, brott, brott.
Ef hann horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott.

::: Ég þekki fluguflón :::
sem segir s-s-s-s-s.
Ef hún horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott, brott, brott, brott, brott.
Ef hún horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott.

::: Ég þekki kátan kött :::
sem segir mjá.
Ef hann horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott, brott, brott, brott, brott.
Ef hann horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott.



∴: Ég þekki haltan hund ∴:
sem segir voff.
Ef hann horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott, brott, brott, brott, brott.
Ef hann horfir á mig verð ég hress
og hleyp á brott.

Kisa mín

Atli Heimir Sveinsson/Stefán Jónsson

Kisa mín, kisa mín
hvaðan ber þig að?
Ég kem nú frá London,
þeim mikla og fræga stað.
Kisa mín, kisa mín
hvað gerðir þú þar?
Ég var að veiða mýsnar
í höllu drottningar.

Foli, foli fótalipri


Þjóðlag frá Lettlandi/Hildigunnur Halldórsdóttir

∴: Foli,foli fótalipri,
flýttu þér nú heim að bæ ∴:
∴:Tra-rí, ra-la-la,
flýttu þér nú heim að bæ ∴:

∴: Heima mun þín heyið bíða
en hjá mömmu koss ég fæ ∴:
∴: Tra-rí, ra-la-la,
en hjá mömmu koss ég fæ. ∴:

∴: Herðir hlaupin hlaupagarpur
hreint ei telur sporin sín. ∴:
∴:Tra-rí, ra-la-la,
hreint ei telur sporin sín. ∴:

∴: Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín. ∴:
∴: Tra-rí, ra-la-la,
hafrastráin talið þín. ∴:



Ugla

Höf. Ókunnur/.þýð.Hrafnhildur Sigurðardóttir

Það var gömul ugla með oddhasst nef,
tvö lítil eyru og átta litlar tær.

Hún sat uppi í tré og svo komst þú,
Þá flaug hún í burtu og sagði: "ú, ú, ú.."

Fagur fiskur í sjó

Jón Ásgeirsson/isl. þjóðvísa

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur, slingur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta
svo skal högg
á hendi (þína) detta.

Apalagið

Enskt lag/höf. ókunnur


Fimm litlir apar sátu upp í tré
þeir voru að stríða krókódíl
"þú nærð ekki mér"
þá kom hann hennr krókódíll,
hægt og rólega - klapp.

Fjórir litlir apar sátu.....

Klói Kattarskrækur

Jesper Gilbert Jespersen/isl. þýð. ókunnur höfundur

Ég heiti Klói Kattarskrækur
í kofa stórum ég bý.
Um stræti læðist léttur, sprækur
og læt fólk kenna á því.
Ég skelfi hér alla: búmm, búmm!
Konur og karla: mjááá...
Duruddu duddu...
Hvissss



Nú skal syngja um dýrin

Höfundar ókunnir

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu!
Mu mu mu mu mu!


Nú skal syngja um hænsnin
sem gagga endalaust
þau gefa okkur eggin
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó!

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull!
Me me me, me me me me me!
Me me me, me me me me me!
Me me me, me me me me me!
Me me me me me!

Hér búálfur á bænum er

þýskt lag/Hildigunnur Halldórsdóttir

Hér búálfur á bænum er á bjálkalofti í
dimmunni,
hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.
Hann stappar fótum, hoppar hátt
og haframjölið étur hrátt.
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.



Tveir kettir

danskt lag/Hildigunnur Halldórsdóttir

Tveir kettir sáu uppi á skáp,
krittí-vitte-vitt-bom-bom
og eftir mikið gón og gláp,
krittí-vitte-vitt-bom-bom.
Þá sagði annar "kæri minn"
krittí-vitte-vitte-vitte-vitt-bom-bom,
Við skulum skoða gólfdukin",
krittí-vitte-vitt-bom-bom.


Og litlu síðar sagði hinn:
krittí-vitte-vitt-bom-bom
"Komdu aftur ísskápinn"
krittí-vitte-vitt-bom-bom.
En í því glas eitt valt um koll,
krittí-vitte-vitte-vitte-vitt-bom-bom,
og gerði á gólfið mjólkurpoll,
krittí-vitte-vitt-bom-bom.

Þá sagði fyrri kötturinn:
krittí-vitte-vitt-bom-bom.
"Æ heyrðu, kæri vinur minn",
krittí-vitte-vitt-bom-bom.
"við skulum hoppa niður á gólf",
krittí-vitte-vitte-vitte-vitt-bom-bom,
"og leþja mjólk til klukkan tólf",
krittí-vitte-vitt-bom-bom.

Við getum heyrt

Höfundur ókunnur/dans: Hulda Sverrisdóttir
og Kolfinna Sigurvinsdóttir/texti María Einarsdóttir

Við getum heyrt og við getum séð
(hendur fyrir aftan eyru og fyrir ofan augu)
við getum fundið hvort öðru með.
(armar krosslagðir fyrir framan brjóst)
Við skulum treysta vor tryggðabönd
(tekið í hendur næstu við hliðiná)
Og taka eitt skref með hönd í hönd.
(stíga eitt skref að miðju og svo saman)



Í rigningu ég syng

Lag. I'm singing in the rain. Arthur Freed & Nacio
Herb Brown /isl. texti höf. ókunnur

Í rigningu ég syng,
í rigningu ég syng.
Það er stórkostlegt veður,
mér líður svo vel!
Armar fram og armar að.
Tjutti tja, tjutti tja, tjutti tja tja!
(Lagið endurtekið og lið 2 bætt við,
síðan lið 3 o.s.frv.)
2. Beygja hné
3. Rassinn út
4. Inn með tær
5. Hakan upp
6. Út með tungu)

Hreyfa - frjósa...

Soffía Vagnsdóttir

Hreyfa litla fingur, hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur og frjósa eins og skot!
(tær, tungur, augu, hendur, fætur o.s.frv.)

Skósmíðadansinn

Danskt þjóðlag/höf. ókunnur

::: Fyrst á réttunni- svo á röngunni
Tjú tjú tra la la :::
::: Tra la la la la la la :::

Höfuð, herðar, hné og tær


Þjóðlag frá Cornwall/Hermann Ragnar Stefánsson

::: Höfuð, herðar, hné og tær
hné og tær :::
Augu, eyru, munnur og nef,
höfuð, herðar, hné og tær
hné og tær.

Bátasmiðurinn

höf. ókunnur/Birgir Sigurðsson

Ég negli og saga og smíða mér bát.
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum með færinu næ.



Tilfinningablús

Skandinavískt lag/M.P.Ó

Ég finn það ofan í maga - ooohó!
Ég finn það fram í hendur - ooohó!
Ég finn það niður í fætur - ooohó!
Ég finn það upp í höfuð - ooohó!
∴ Ég finn það hér og hér og hér og hér
og hér og hér og hér
hvað ég er glöð!
Hér inni í mér! ∴
(reið, leið, svöng, þreytt o.s.frv.)

Hnátutáublús

Sænskt þjóðlag / þýðing : M.P.Ó

Hnátutátan vaknaðiog núna vakna ég
Og núna vakna allir hér á sama veg.
O Oh O O Oh O O Oh O O hnátutáublús
Hnátutátu, hnátutátu, hnátutátu, hnátutátu
BLÚS.
Hnátutátan.. klappaði / stappaði / spilaði /
smellti / dansaði /hoppaði / sofnaði....

Upp á grænum, grænum


danskt lag/Hrefna Tynes

Upp á grænum, grænum,
himinháum hól.
Sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu, bom bom,
bom, boromm, bomm, bomm.
Hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukall
sem miðaði í hvelli,
en hann hitti bara trommuna
sem small.
Og þau hlupu og héldu velli.

Tombai

rússneskt lag

Tombai, tombai, tombai, tombai,
tombai, tombai, tombai.
Don, don, don,di ri, don,
di ri, di ri, don
Tra la la la la,tra la la la la,
tra la la la la. Hai!



Kisutangó

Japanskt þjóðlag/ Magnús Pétursson

Mín kisa á vökul eyru og veiðihár og rófu
og vikvæmt lítið trýni hún sleikir oft og
þvær.

Hún unir dátt við leiki og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi á svo fínar tær.

Mína kisa dansar tangó, tangó, tangó.

Hún teygir sig og reigir og er svo fött og
brött.

mín kisa dansar tangó, tangó, tangó.

Ég trúað gæti að margir vildu eiga slíkan
kött

Tralalalalala Mjáá

Mýsla dansar

Norskt lag/höf. ókunnur

∴ Mýsla dansar og hoppar hér ∴

∴ þá kemur gamla kisa. ∴

∴ Fljót að fela þig litla mús ∴

∴ þá fer hún gamla kisa ∴

Tvö skref til hægri...

danskt lag/Hermann Ragnar Stefánsson

Tvö skref til hægri og
tvö skref til vinstri.

Beygja arma, rétta arma,

klappi, klappi, klapp!

Hálfan hægri hring,

hálfan vinstri hring,

hné og magi, brjóst og enni,

klappi, klappi, klapp!

Bela mama!

Afrískur keðjusöngur

Bela mama bela mama hei! x x x


Bela mama bela mama hei! x x x

Bela mama bela mama

bela mama bela mama

bela mama bela mama hei! x x x

x = klapp, stapp, flaut o.s.frv.



Veiðiferð

Meðferðis er kikir og veiðistöng.
Tekið er um olnbogana og róið.
;:Aki taki umba, aki taki umba
Hey dilli hó dilli hey dilli hó.::

Kíkir tekinn upp og horft eftir fiskimiðum.
;:Heyda komma misjú aki
heyda komma misjú aki.::

Fiskur í sjónmáli og nú er róið hratt á
miðin. (Sungið hraðar.)
;:Aki taki umba, aki taki umba
Hey dilli hó dilli hey dilli hó.::

Veiðar hafnar, færinu kastað og fiskur
dreginn.
;:Heyda komma misjú aki
heyda komma misjú aki.::

Báturinn er þungur af fiski. (Sungið hægt.)
;:Aki taki umba, aki taki umba
Hey dilli hó dilli hey dilli hó.::


Sjáum til lands og þar stendur fólkið okkar
og bíður eftir fiskinum. Okkur hlýnar í
hjartanu og veifum.
;:Heyda komma misjú aki
heyda komma misjú aki.::

Róum hratt til lands með krafti sem fæst af
kærleik í hjarta.
;:Aki taki umba, aki taki umba
Hey dilli hó dilli hey dilli hó.::

Allir fá fisk að borða, bæði fólk og skepnur.

Upp, upp, upp á fjall
enskt keðjulag/höf.ókunnur

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
alveg niðr á tún.



Nammilagið

Höf. Ókunnur/Bergljót Hreinsdóttir

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí
rosalegt fjör væri þá
ég halla mér aftur rek tunguna út.
e- ee-e-ee-e-ee-e-e-.(með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Ef snjórinn væri úr sykarpúð og poppi,
rosalegt fjör væri þá.
ég halla mér aftur rek tunguna út.
e-ee-e-ee-e-ee-e-e-.(með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó
rosalegt fjör væri þá.
ég halla mér aftur rek tunguna út.
e-ee-e-ee-e-ee-e-e-.(með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

„Druslu-lagið“


höfundar ókunnir

Við setjum svissinn á
og við kúplum gírnum frá,
það er startað
og druslan fer í gang!
Drun, drun!!
Það er enginn vandi
að aka bifreið,
ef maður bara kemur
henni í gang.
Drun, drun!!

Aníkuní

höf. ókunnur

::: Aní-kúní sjá-á-ní :::
::: Á-á-á begga-na-a-sja-a-na :::
::: Í-í-já-á-ní bísí-dí :::
::: Í-í-já-á-ní bísí-dí :::



Lítill heimur

Robert and Richard Sherman's-Walt
Disney/býð.Friðrik Guðni Þórleifsson

Það er gott að vera sem gleðin býr,
þar sem gerast sögur og ævintýr.
Svona' er veröldin okkar
sem laðar og lokkar,
svo ljúf og hýr.
Lítill heimur ljúfur hýr,
lítill heimur ljúfur hýr,
lítill heimur ljúfur hýr
eins og ævintýr.

Zum Gali

Vinnusöngur frá Ísrael/Jón Ragnarsson

∴:Zum gali gali gali. Zum gali gali.:
Úti morgunsólin skín,
býður öllum út til sín.
Saman leikum syngjum lag,
eftir langan gleðidag.
∴:Zum gali gali gali. Zum gali gali.::


Jógalag

Snatam Kaur

I'm happy I'm good.
I'm happy I'm good.
Sat Nam. Sat Nam. Sat Nam Jii.
Waheguru Waheguru Waheguru Jii.

*Þýð: Í hjarta mínu ljós mitt skin.
Í hjarta mínu ljós mitt skin.
Nafnið mitt er sannleikurinn.
Hið fallega' og góða í hjartanu ég finn.*

Ég er glöð. Ég er góð.
Ég er glöð. Ég er góð.
Sat Nam. Sat Nam. Sat Nam Jii.
Sat Nam. Sat Nam. Sat Nam Jii.



Skýin

Spilverk Þjóðanna

Við skýin felum ekki sólina af illgirni
(klapp, klapp, klapp)

Við skýin erum bara að kíkja á leiki
mannanna

(klapp, klapp, klapp)

Við skýin sjáum ykkur hlaupa-ouuuúííh!
Í rokinu!

Klædd gulum, rauðum, grænum, bláum
regnkápum.

Eins og regnbogi meistarans, regnbogi
meistarans,

við skýin erum bara grá, bara grá,
á morgun kemur sólín, hvað verður um
skýin þá?

Stóra brúin

Höfundar ókunnir

Stóra brúin fer upp og niður,
upp og niður, upp og niður.

Stóra brúin fer upp og niður,
allann daginn.

Bílarnir aka yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.

Bílarnir aka yfir brúna,
allann daginn.

*Flugvélar fljúga,
Skipin sigla, Fólkið gengur...*

Strætó

Jón Hlödver Áskelsson

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring.
hring, hring, hring, hring, hring, hring.

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring.
Út um allan bæinn.

(Hurðin á strætó opnast út og inn...


Peningarnir í stræó segja kling, kling, kling...

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla...

Börnin í strætó segja ha, ha, ha...

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss, uss...

Flautan í strætó segir dú, dú, dú...)



Bimbó

Rodney Morris/Guðmundur Sigurðsson

Bimbó, Bimbó, gefðu okkur gúmmískó
Bimbó, Bimbó, græddir þú í stórbingó?
Bimbó, Bimbó, daginn út og inn.
Lætur eins og jólatré,
með asnaskap og húllumhæ.
Bimbós eyra annað nær
alveg niður á tær.
Eflaust fengi hann oftast kvef
ef hann hefði nef.
Beinakex og beljuspað
hann bestan telur mat.
Ef hann fær sér bjútibað
hann brúkar vaskafat.

Bimbó...

Hresstu þig við

Höf. óþekktir


Hresstu þig við ,liðkaðu lið.
Dúddelí-dú, dúddelí-dú.
Laust og létt, liðugt og nett.
Dúddelí-dú, dúddelí-dú.

Láttu nú hendurnar hraðara ganga,
hreyfðu nú á þér skankana langa.
Dúddelí-dú, dúddelí-dú.
Við byrjum aftur nú.

Lonniætturnar

Höfundar ókunnir

Ég lonniætturnar lét á nefið
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín.
;,: Tra la la la la ljúfa ;,:
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín



A og B

Georg Riedel úr Emil í Kattholti & Karl J.
Sighvatsson/Böðvar Guðmundsson

A og B, spott og spé,
grísinn galar uppi' í tré.
Lítil mús til okkar fús
kom og byggði hús.

Lamb í baði,
borðar súkkulaði,
hundur jarmar,
galar grísinn hátt!

A og B, spott og spé,
grísinn galar upp' í tré.
Hróp og köll um víðan völl,
þá er sagan öll.

Vinaljóð

Þjóðlag frá Álandseyjum/Hjálmar Freysteinnsson

Gulli og perlum að safna sér
sumir endalaust reyna.
Vita ekki að vináttan er,
verðmætust eðalsteina.


Gull á ég ekkert að gefa þér
og gimsteina ekki neina,
en viltu muna að vináttan er,
verðmætust eðalsteina.

Óðurinn til gleðinnar

Beethoven/Matthías Jochumsson

Fagra gleði, guða logi,
Gimlis dóttir, heill sé þér.
Í þinn hásal, hrifnir eldi,
heilög gyðja komum vér.
:;Þínir blíðu töfrar tengja,
tískan meðan sundur slær;
allir bræður aftur verða
yndisvængjum þínum nær.;;

*-Endurtekið með „**allar systur**“*



Malaika

Fadhili William/isl.texti:höf ók.

(Malaika er engill á Swahili)

∴ Malaika nakupenda malaika ∴∴

Nami nifan ja ye,

Kia na mwensi oh,

∴ nasi dvana mail sina whe,

Ninge kuda malaika ∴∴

∴ Malaika allir dansa malaika ∴∴

Út á gólfíð með þig,

komdu að dansa við mig.

∴ Allir dansa hér og syngja með

Káta lagið Malaika ∴∴

Vinur minn

Hafðís Huld Prastardóttir og Alisair Wright

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

Í stórum hópi, inn um hlátrasköll
geta ævintýrin skeð.

Svo vertu velkominn!

Nýi vinur minn.

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.


Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt.

Getur glatt og huggað jafnvel þá
sem við þekkjum ekki neitt.

Svo vertu velkominn!

Nýi vinur minn.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt.



Það var eitt sinn kona

Höfundar ókunnir

Það var eitt sinn kona sem gleypti mý
skil ekkert í því að gleypta mý.
Hún deyr kannski af því.

Það var eitt sinn kona sem gleypti fló.
Mér varð um og ó er hún gleypti fló.
Hún gleypti fló til að ná í mý.
Skil ekkert í því að gleypta mý.
Hún deyr kannski af því.

Það var eitt sinn kona sem gleypti fugl.
já þvílíkt rugl að gleypta fugl.
Hún gleypti fugl til að ná í fló o.s.frv.

Það var eitt sinn kona sem gleypti kött.
Það er út í hött að gleypta kött.
Hún gleypti kött til að ná í fugl o.s.frv.

Það var eitt sinn kona sem gleypti hund.
Hún var enga stunda að gleypta hund.
Hún gleypti hund til að ná í kött o.s.frv.

Það var eitt sinn kona sem gleypti kú.
Já hana nú hún gleypti kú.
Hún gleypt kú til að ná í hund.
Hún var enga stunda að gleypta hund.
Hún gleypti hund til að ná í kött o.s.frv.


Það var eitt sinn kona sem gleypti hest
og hún dó fyrir rest.

Velkomnir krakkar

Höfundar ókunnir

Velkomnir krakkar í veröldina okkar
við skulum leika okkur, við skulum x x.
Öpunum klappa og klippa í pappa,
klifra í köðlum og klukka x x.

Bíbb segir bílalestin, blásandi filalestin.
Leikbrúður, ljón og lyftingafólk.
Létt skoppa lömbin smáu, langt upp í turni
háum.
Gíraffar gægjast inn um gluggana enn.



Amma og draugarnir

Jónas Árnason

Hún amma mín gamla
lá úti í gljúfri.
Dimmt var það gljúfur
og draugalegt mjög.

*En amma mín mælti
og útaf hún hallaði sér:
„Ég læt engan svipta mig svefni í nótt;
sama hver draugurinn er.“*

Kom þar hún Skotta
með skotthúfu ljóta.
Tönnum hún gnísti,
glotti og hló.

En amma mín mælti...

Kom þar hann Móri
í mórauðri treyju,
ofan sitt höfuð
af hálsinum tók.

En amma mín mælti...

Kom þar hann Glámur
með glyrnurnar rauðar.
Kurteislegt ekki
var augnaráð hans.


En amma mín mælti...

Kom þar einn boli,
kenndur við Þorgeir,
æstur í skapi
og öskraði hátt.

En amma mín mælti...

Loks kom hann afi
að leita að ömmu.
„Æ, ertu hér,“ sagði hann,
„elskan mín góð“.

En amma mín mælti...



Gunnvísur

Olga Guðrún Árnadóttir

Hvað vill hún Gunna með gamlar spýtur
og glás af nöglum í stórrí krús?
Í rifnum buxum og rjóð í kinnum
hún rogast með þetta á bak við hús.
Í einu horni í arfabeði
ætla hún Gunna að byggja höll,
með hundrað gluggum og háum turnum
svo hafi hún útsýni um dal og fjöll.


Er hún bing-bæng, ding-dæng,
klikkedí-klikkedí kling-klæng,
er hún Gunna orðin svona glúrin?
Bing-bæng, ding-dæng,
klikkedí-klikkedí kling-klæng,
er hún Gunna orðin svona
ofboðslega
kling-klæng klár?

Svo hamast Gunna með hamar þungan
og hittir oftast á réttan stað,
og þó að fingurnir þvælist undir
þá þýðir ekkert að fást um það.
Að bíta á jaxlinn og bölvu í hljóði
er besta ráð fyrir hallarsmið,
og Gunna syngur með sára fingur
og sagar áfram og út á hlið.

Er hún bing-bæng, ding-dæng.

Abrakadabra! Í arfabeði
upp rís nú draumahöllin fín
og teygir angana út og suður
og inn um gluggana sólin skín.
Og montin loks upp á mæni situr
hin mikla prinsessa af Arfahöll.
Því Gunna er frábær og fingravitur,
nú fögnum, lát heyra húrraköll!

Er hún bing-bæng, ding-dæng...



Ég ætla að syngja

Fjóla Ólafsdóttir

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er nebbinn minn
og munnurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru fingurnir,
hérna er höndin,

hérna er olboginn
og handleggurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru tærnar,
hérna er hællinn.
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn hér

Söngvastúlkur /Söngvasveinar


höf. ókunnur/Þorsteinn Valdimarsson

∴ Við erum söngvastúlkur/sveinar
á leiðinni út í lönd ∴

Leikum á flautu,
skógarhorn og skógarhorn.

Leikum á flautu,
fiðlu og skógarhorn.

∴ Og við getum dansað hopp sa sa,
hopp sa sa, hopp sa sa ∴



Ruggutönnin

Poul Kjoller&Charlotte Bay/þýð. Birte Harksen&Baldur Kristinsson

Ég er með lausa tönn
Hún ruggar rosa mikið.
Pabbi vill toga í mína tönn
En nei, þar dreg ég strikið!
Hún er mín eigin ruggutönn
Ruggu-ruggu-ruggu ruggutönn
Ég vil ekki missa mína ruggutönn
Ruggu -ruggu ruggutönn

Ég er með lausa tönn
Hún ruggar er ég tala
Mamma vill taka þessa tönn
Ég neita því og gala:
Hún er mín eigin ruggutönn...

Ég er með lausa tönn
Hún ruggar við hvern sopa
Ég sötra saft í óða önn
Því hún ruggar líka er ég ropa!
Ég elska mína ruggutönn

Ég skal mála allan heiminn


Hinrik Bjarnason/Iðunn Steinsdóttir

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
eintómt sólskin bjart og jafnt,
þó að dimmi að með daga kalda og
skamma,
dagar þínir verða ljósir allir samt.

Litlu blómin sem þig langar til að kaupa,
skal ég lita hér á teikniblaðið mitt,
ég skal mála allan heiminn elsku mamma
svo alltaf skíni sól í húsið þitt.

Óskaðu þér mamma, alls sem þú vilt fá,
Ennþá á ég liti, til hvers sem verða má
Allar heimsins stjörnur og ævintýrafjöll,
Óskaðu þér mamma svo lita ég þau öll

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma..



Ef þú ert súr

Ólafur Haukur Símonarson

Ef þú ert súr, vertu þá sætur.
Sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

*Galdurinn er að geta brosað,
geta í hláturböndin tosað
geta hoppað, hlegið, sungið
endalaust.*

Ef þú ert fýldur, þá líkistu apa,
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

Ef þú ert illur, þá líkistu nauti
eða eldgömlum potti með viðbrenndum
grauti.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

Ein stutt, ein löng


danskt lag/höf.ókunnur

Ein stutt, ein löng, hringur á stöng
og flokkur, sem spilaði og söng.

Köttur og mús og sætt lítið hús,
sætt lítið hús og köttur og mús.
Ein stutt, ein löng, hringur á stöng
og flokkur, sem spilaði og söng.

Penni og gat og fata sem lak,
fata sen lak og penni og gat.
Ein stutt, ein löng, hringur á stöng
og flokkur sem spilaði og söng.

Lítill og mjór og feitur og stór,
feitur og stór og lítill og mjór.
Ein stutt, ein löng, hringur á stöng
og flokkur sem spilaði og söng.



Já gríðar er gaman

Bjarni Eyjólfsson

Já gríðar er gaman að syngja,
með gleði lát rödd þína klingja
því söngur vor aldna má yngja,
við syngjum sífellt best.
Húrra, húrra.


Já, syngdu hátt á meðan mátt
því annað nær ei neinni átt
og allra hljóð þau eru góð
ef býr í söngnum gleðiglóð.
Já gríðar er gaman að syngja
í góðra vina hóp.
Húrra húrra.

Og samtaka í söngnum nú verum
og svellandi af krafti hann gerum
því snillingar í því vér erum
við syngjum sífellt best.
Húrra, húrra.
Já, syngdu hátt...

Nú skulum við klappa í takt

Höfundar ókunnir

Nú skulum við klappa í takt,
klapp, klapp.
Nú skulum við klappa í takt,
klapp, klapp.
Þó leikurinn alltaf sé eins
hann engum samt verður til meins.
Nú skulum við klappa í takt,
klapp, klapp.
(Stappa, hlægja, gráta o.s.frv.)



Syngjandi geng ég allsstaðar

Írsk þjóðlag/Jónas Árnason

*Syngjandi hér, syngjandi þar,
syngjandi geng ég allsstaðar.
Sí og æ, æ og sí,
aldrei fæ ég nóg af því.*

Einu sinni ég átti kú.
Hún sagði ekki mö heldur ba ba bú,
já býsna skrytín var kýrin sú.

Einu sinni ég átti geit.
Hún fékkst aldrei til að fara á beit,
því feimin hún var og undirleit.


Ég átti hrút, og hann var grár.
Svo skipti hann um lit, og eftir ár
hann var orðinn næstum því fjólublár.

Ég átti hund sem oft svaf fast.
Þegar rigndi og það var hvasst,
fékk hann alltaf gigtarkast.

Ég átti klár sem Kappi hét.
Ef ég hnakk minn á hann lét,
hann útaf lagðist og stundi og grét.

Ég átti fugl sem í búi bjó.
Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó
undir væri leikið á píanó.

Ég átti kött sem var klókur og vís.
Hann var andvígur því að eltast við mýs
át bara kökur og rjómaís.



Saknaðarljóð

Heiðís Norfjörð/Kristján frá Djúpalæk

Hljótt er nú í húsum inni.
Harmur býr í allra sinni.
Hvar er litla Píla Pína?
Sárt er að missa sína.

Burt hún hvarf og brekkan grætur,
birtist mér í draumi um nætur.
Veslings litla Píla Pína,
sárt er að missa sína.

Músaguð við hættum hlífi,
henni sé hún enn á lífi.
Græt ég litla Píla Pína,
sárt er að missa sína.

Rætast óskir hennar heitar,
hún það finni sem hún leitar.
Komdu aftur Píla Pína,
sárt er að missa sína.

Strengir


Herdís Egilsdóttir/Kristján frá Djúpalæk

Steinarnir eru strengir,
strengina vatnið knýr.
Gaman það væri að vita
hvað í vatnsins huga býr.

Hvaðan skyldi það koma
hvert er heitið þess ferð!
Síðar á öldum söngsinsl
samferða því ég verð.

Lyngið á líka strengi,
leikur blærinn á þá.
Söngva sorgar og gleði
er í sálum kveikja þrá.

Vorljóð draums og vonar
veröldin syngur öll.
Berast vil ég með blænum
burt yfir hæstu fjöll.



Mikka refs vísur

Thorbjörn Egner/pýð. Kristján frá Djúpalæk

Hér mætir Mikki; sjá með mjóa kló á tá
og mjúkan pels og merkissvip
sem merktarbokkar fá.
Ég ligg í leyni þétt, við lágan runn og klett.
Ef lykt ég finn, hver lítil mús
er löngum illa sett.

Ég kalla gagg; með kló í músaskinni.
Þá kveð ég; "gef mér brauð úr tínu þinni!
Ef mýsla neitar mér og mäske stimpast fer.
Hér; einn og tveir og þrír
og þá með þökk hún étin er.


Þá veiðiför ég fer og frakkan rauða ber.
Hin minni dýr um mörk og fjall
þá mega gå að sér.
Þau skjálfa eins og urt í ógn og flyja burt.
Því marga sögn um mína slægð
þau munu hafa spurt.

En uss; í mosa músatif ég greini,
sjá Marteinn kallinn læðist þar hjá steini.
Hver hafi hljótt um sig en héra fel ég mig,
hið litla montna músargrey
nú mætti vara sig.

Vögguvísa

Thorbjörn Egner/pýð. Kristján frá Djúpalæk

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.



Vísurnar um refinn


Thorbjörn Egner/Þýð. Kristján frá Djúpalæk

Ég raula raunakvæði
um refinn sem hér býr.
Í græðgi vill hann gleypa
hin góðu skógardýr.
Já þetta er sorgarsöngur víst
því sagan illa fer.
Hæ fallerafaddí rúllanræ
nú verstur endir er.

Einn dag hann var á veiðum
þar voru músahús.
Þá rak hann gular glyrnur
í gráa litla mús.
“Ég tek þig” sagði tæfan þá,
upp trjából músin rann.
Hæ fallerafaddí rúllanræ
hún fylgsni öruggt fann.

Þá varð hann súr á svipinn
og sagði: “Gott hjá þér,
en bíddu bara góða
ég bíða skal þín hér.”
Svo tautar hann við sjálfan sig:
“þú síðsta leikinn átt.”
Hæ fallerafaddí rúllanræ
“hún bröltir niður brátt.”

En Mikki mátti bíða
og músin engu kveið.
Þú heyra skalt hvað skeði
hjá skrögg er vikan leið
þá hungrið alveg ærði hann
og enga veitti ró.
Hæfallerafaddí rúllanræ
hann datt um koll og dó.



Lína Langsokkur

Jan Johansson/þýð. Kristján frá djúpalæk

Hér skal nú glens og gaman
við getum spjallað saman
Gáum hvað þú getur,
vinur, gettu hver ég er!

Verðlaun þér ég veiti
ef að veistu hvað ég heiti.
En vaðir þú í villu
þetta vil ég segja þér:

Hér sérðu Línu Langsokk
tralla hopp, tralla hei, tralla hopsasa.
Hér sérðu Línu Langsokk,
já líttu það er ég.

Og þú sérð minn apa
minn sæta, fína litla apa.
Herra Níels heitir
já hann heitir reyndar það.


Hérna höll mín gnæfir
við himin töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri
eða frægðarmeiri stað.

Hér sérðu Línu Langsokk.....

Þú höll ei hefur slíka,
ég á hest og rottu líka
og kúfullan af krónum
einnig kistil á ég mér.

Verið allir vinir -
velkomnir - einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið
nú skal líf í tuskum hér.

Hér sérðu Línu Langsokk.....



Bangsímon

Lag: Dýrin í Afríku e: Thorbjörn Egner/höf. ókunnur

Sit ég hér á grænni grein
og geri fátt eitt annað,
en éta hunang borða brauð
því bíta allt er bannað.

Dropar detta stórir hér,
dropar detta hvað finnst þér?
Dropar detta allt í kring
og dingalingaling.

Vatnið vex nú ótt og títt
ég verð að flýja úr húsum.
Hér sit ég í alla nótt
og borða úr mínum krúsum.

Dropar detta ofan í poll
dropar detta á þinn koll.
Dropar detta allt í kring
og dingalingaling.


Við eigum hvor annan að

Henry Mancini/Ólafur Haukur Símonarson

Við eigum hvor annan að
eins og skefti og blað
í lífsins skúraveðri.
Hanski og hönd,
hafið og strönd.
Við eigum samleið, ég og þú,
eins og vinda og vindubrú.

Andlit og nef,
nefið og kvef,
við hnerrum hjartanlega.
Allt gengur vel
ef þú átt vinarþel.

Stundum fellur regnið strítt,
stundum andar golan blítt
Öðrum stundum allt er hvítt,
og svo verður aftur hlýtt.
Sumir kvarta sí og æ
svoleiðis ég skellihlæ.



Allt gengur miklu betur
í vetur,
ef þú getur
kæst með mér kömpunum í.

Það verður bjart yfir borg,
bros um öll torg.
Við syngjum sólaröngva
snúðu á hæl,
með þessu mælum við.
Því ekkert jafnast á við það
að eiga góðan vin í stað,
að standa tveir í hverri raun,
eru vináttulaun.

Ég er vinur þinn


Randy Newman/Ágúst Guðmundsson

Ég er sko vinur þinn.
Langbesti vinur þinn.
Gangi illa fyrir þér,
allt á skakk og skjön
hvert sem lítið er.
Þá skaltu muna vísdómsorð frá mér
að ég er vinur þinn.

Ég er sko vinur þinn.
Langbesti vinur þinn.
Þér leiðist margt,
sama segi ég,
já tilveran er ekki alltar dásamleg.
Þá skaltu muna vísdómsorð frá mér
að ég er vinur þinn,
já ég er vinur þinn.

Það eru ýmsir vafalaust
greindari en ég er.
Líka stærri en ég.
Kannski hjá engum öðrum
þá vináttan
jafn innileg á allan veg já.

Þó líði ár og öld
mun vináttan enn við völd.
Þú færð að finna það drengur minn
að ég er vinur þinn,
langbesti vinur þinn.



Hlusta nú

Hallveig Thorlacius/Eivör Pálsdóttir

Lærðu að hlusta
með hjartanu.

Lærðu að hlusta
með maganum.

Lærðu að fylgja
slættinum í regninu.

Hllusta nú.....

Heyr hvernig vindurinn
gnauðar nú.

Hlustaðu og leiðina
finnur þú.

Lærðu að fylgja
slættinum í hjartanu.

Hlusta nú.....

Horfðu yfir dalinn
og fjöllin blá.
Þar búa álfar

og tröllin há.
Þau bíða og kalla á þig nú.
Heyrir þú?

Hlusta nú.....


Drekalagið

Hallveig Thorlacius/Eivör Pálsdóttir

Sjáðu mig mamma
er ég ekki hetja
ég þori að sitja
á bakinu á dreka.

Ég ætla að fara
vestur fyrir mána.
Til vonar og vara
tylli ég mér á tána.

Norðan við pól
sérðu norðuljósinn sveima.
Austan við sól
eiga ævintýrin heima.



Skrímlið litla systir mín

Hallveig Thorlacius/Eivör Pálsdóttir

Sæta góða barnið mitt
sofðu í faðmi mínum.
Leggðu litla nefið þitt
létt að brjósti mínu.


Ég skal strjúka enni þitt
hvísla þér í eyra.
Mínar sögur, yndið mitt,
allar færðu að heyra,

Ef að skrímslin fara á stjá
og skjóta skelk í bringu
skaltu inn í hjartað gá
litli strákalingur.

Mundu bara að mamma þín
mest af öllu í heimi
elskar litla strákinn sinn
í sínu hjarta geymir.

Hérna kemur myndin þín
já, loksins rétta myndin.
Því litla skrímslið systir mín
er svo sæt og fyndin.

Kannski er ekki alltaf allt
eins og okkur sýnist.
En hjarta þínu hlýða skalt
svo gleðin aldrei týnist.



Einbúinn

Magnús Eiríksson

Ég bý í sveit á sauðfé á beit
og sællegar kýr útá túni.
Sumarsól heit, senn vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Traktorinn minn, reiðhesturinn,
hundur og dálítið af hænum.
Kraftaverk eitt til oss gæti leitt
hýrlega mey burt úr bænum.

Veturinn er erfiður mér,
svo andskoti fótaldur stundum.
Ég sæi þig, gera eins og mig
ylja á mér tærnar á hundum.

Þeir segja mér að þeysa af stað,
þær bíði eftir bóndanum vænum.
Ég hef reynt það veit Guð,
en það er sko þuð
að þræða öll húsin í bænum.

Hudson Bay


Magnús Eiríksson/Steinn Steinarr

Ég byggði mér hús við hafið
og hafið sagði ókey
hér er ég og ég heiti
Hudson Bay.

Í kvöldsins hægláta húmi
heyrði ég bylgjunnar sog
þannig er þessi heimur,
það er og.

Og hjarta mitt fyllist af friði
og farmannsins dreygnu ró
Ég hugsaði um allt sem ég unni,
og þó.

Í nótt mun ég krókna úr kulda
í kofa við Hudson Bay
þú mikli eilífi andi,
Ókey!



Fiskurinn hennar Stínu

Jóhann G. Jóhannsson

Eitt sinn fór hún Stína litla á sjó
með pabba sínum.
Hún veiddi ofurlitla bröndukló
með öngli fínum.
Daginn eftir mamma hennar plokkfisk bjó.
Stína vildi´ ei borða hann.
“Hvað viltu ekki fiskinn, Stína þó,”
pabbi tók til orða.

∴ Fiskinn minn, nammi, nammi, nammi.
Fiskinn minn, nammi, nammi, nammi. ∴

Ömmu sína Stína fór að sjá,
Hún spurði fréttu.
Hvað hún veitt hefði nú sjónum á.
“Ég blokkfisk veiddi alveg ein
og var að borða hann.....
já, ég plokkfisk veiddi alveg ein
og var að borða hann.

Söngurinn hennar Siggú


Bubbi Morthens

Ég hitti litla dömu
í París var að hoppa,
sippað getur líka,
fer heim með rifna sokka.

Teiknar finar myndir,
býður mér að þiggja
eina af sér og eina af mömmu
skrifar undir Siggá.

Samt heilla hana fínir kjólar
þegar augun í þá rekur
með maskalit og púðri
andlit sitt hún þekur.

Dansað getur líka
Tsja, tsja tsja og tangó
liðug eins og ormur
vinnur mig í límbó.



Hún á það til að hlægja
getur líka grátið,
en oftast brýst í gengum tárin,
sæta litla brosið.

Teiknar skrítnar myndir,
býður mér að þiggja
eina af sér og eina af mömmu
skrifar undir Sigga.

Ég heyri svo vel

Ólafur Haukur Símonarson

Ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa.
Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa.
Ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa.
Heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér.
Þú finnur það vel, þú kemur nær mér.
Þú finnur það vel, allt fæðist í þér,
andlitin lifna og húsin dansa
og hundurinn hlær.


Á Sprengisandi

Ísl. þjóðlag & lag Sigvalda Kaldalóns/Grímur
Thomsen

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell,
hér á reiki er margur óhrein andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsfell.
∴ Drottinn leiði drösulinn minn
drjúgur verður síðasti áfanginn. ∴

Þei, þei, þei, þei, þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.
∴ Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun. ∴

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga á Herðubreið.
álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.
∴ Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil. ∴



Vísur Vatnsenda-Rósu

Íslenskt kvæðalag/Jón
Ásgeirsson/Skáld-Rósa Guðmundsdóttir

Augun mín og augun þín
ó! þá fögru steina.
Mitt er þitt og þitt er mitt,
þú veist hvað ég meina.

Langt er síðan sá ég hann,
sannlega fríður var hann.
Allt, hvað prýða má einn mann
mest af lýðnum bar hann.

Þig ég trega manna mest,
mædd af táraflóði.
Ó! að við hefðum aldrei sést
elsku vinurinn góði.

Dómar heimsins

Valgeir Guðjónsson/Ijóð Jóhannes úr Kötlum

::: Dómar heimsins dóttir góð :::
::: munu reynast margvíslegir :::


::: Glímdu sjálf við sannleikann
hvað sem hver segir. :::

::: Gakktu einatt eigin slóð :::
::: hálir eru hversmanns vegir. :::

::: Skeyttu ekki um boð né bann :::
::: hvað sem hver segir. :::

::: Inn í brjóst þitt ein og hljóð :::
::: rýndu fast ef rödd þín þegir. :::

::: Treystu á þinn innri mann
hvað sem hver segir. :::



Yndislegt líf

Weiss/ Kristján Hreinsson

Ég sé lífsins tré
á háum hól
á himni sé ég bjarta morgunsól
og ég hugsa með mér
þetta er yndisleg jörð.

Ég sé gömul hjón
og glaðleg börn
sem ganga frjáls við litla tjörn
og ég hugsa með mér
þetta er yndislegt líf

Með bjartsýni í huga
ég býð þeim góðan dag
ég brosi er ég heyri
þau syngja þetta lag
og með von og trú
í veröldinni nú
við getum lifað ég og þú.

Ég sé lítil börn
og lífsins tré
og lífið sjálf er allt sem ég sé
og ég hugsa með mér
þetta er yndislegt líf.

Og ég hugsa með mér
þetta er yndisleg jörð.

Ef væri ég söngvari


Weber/Páll J. Árdal

Ef væri ég söngvari syngi ég ljóð,
:,: um sólina, vorið og land mitt og þjóð :,:

En mömmu ég gæfi mín ljúfustu ljóð,
:,: hún leiðir mig, verndar og er mér svo
góð :,:

Ef kynni ég að sauma ég keypti mér lín
:,: og klæði ég gerði mér snotur og fín :,:

En mömmu úr silki ég saumaði margt
:,: úr silfri og gulli hið dýrasta skart :,:



Snillingarnir

Úr samnefndum sjónvarpsbáttum

Við förum nú í ferð
já, í flaug af bestu gerð
svífum yfir hátt.
-Snillingarnir-

Slást í för
við saman finnum svör
okkar spurnum við.
-Snillingarnir-

Við tætum brátt og trillum,
teljið með mér: 5 4 3 2 1
Allir upp í Rauðku
-ræsum svo vél...brrrrrrrrr.....

Við förum nú í ferð
já, í flaug af bestu gerð
svífum yfir hátt.
-Snillingarnir-

Slást í för
við saman finnum svör
okkar spurnum við.
-Snillingarnir-


Og svo, af stað!
-Snillingarnir-
Við og þú!
-Snillingarnir-
Já!!

Íslenskt stafróf

Mozart/Pórarinn Eldjárn

A, Á, B, D, Ð, E, É,
F, G, H, I, Í, J, K,
L, M, N, O, Ó og P,
eiga þar að standa hjá,

R, S, T, U, Ú, V næst,
X, Y, Ý, svo Þ, Æ, Ö.
Íslenskt stafróf er svo læst
í erindi þessi skrifin tvö.



Ef þig langar að syngja þinn söng

Bengt Ahlfors/ Heimir Pálsson

Ef þig langar að syngja þinn söng,
er söngvastundin að renna upp núna.
Enginn syngur þann söng í þinn stað.
Á morgun er orðið til söngs of seint,
við syrgjum þau ljóð sem í þögnina dóu.
Svo settu nú ekki þinn söng á frest,
heldur syngdu hann nú það er best.

Ef þú vinur, átt örlitla ást
er ástarstundin að renna upp núna
og enginn mun elska í þinn stað.
Að elska á morgun er allt of seint
og ónýtt hver löngun sem fékk ekki að
rætast.
Svo sláðu því ást þinni ekki á frest
heldur elskaðu nú það er best.

Ef þig langar að njóta þíns lífs
eru lífsins stundir að renna upp núna.
Enginn lifir því lífi í þinn stað.
Að lifa á morgun er löngu of seint,
menn láta sér fátt þótt þú ætlir og viljir.

Svo láttu ekki slá þínu lífi á frest
heldur lifðu því nú það er best.

Afmælisdiktur


Atli Heimir Sveinsson/Þórbergur Þórðarson

Í Skólavörðuholtið hátt
hugurinn skoppar núna.
Þar var áður kveðið kátt
og kalsað margt um trúna.

Þar var herligt þar var smúkt.
Þar skein sól í heiði.
Þar var ekki á hækjum húkt
né hitt gert undir leiði.

Ef þú ferð á undan mér
yfrí sælli veröld,
taktu þá á móti mér
með þín sálarkeröld.

En ef ég fer á undan þér
yfrí sælustraffið,
mun ég taka á móti þér.
Manga gefur kaffið.



Stökur

Þjóðvísur/ erindi 2, 3, 4, og 5 Jón Guðni Arason

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan glugga;
þarna siglir einhver inn
ofurlítill dugga.


Duggur sigla úr og inn,
ýmsar seglum tjalda.
Roðar skeglu röðullinn,
ruggar fuglum alda.

Aldan kyssir kinnunginn,
kapteinninn er rogginn,
ýsu dró á öngulinn
sem einhver fær í gogginn.

Gogg í litum lundinn ber,
lipur flytur æti.
Ungar pysjur ylja sér
eða flissa' af kæti.

Kætin grípur krakkaling
kertið ljóma stafar.
Brosa að eyrum allt um kring
ömmur hans og afar.

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa.
Þau eru bæði sæt og fín
og þangað vil ég fljúga.



Fleiri stökur

Þjóðvísur

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður í bæi.
Sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.

Sigga litla systir mín
situr út í götu
er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Fuglinn stendur steini á,
Stoltur hálsinn reigir.
Gjarnan víst ég vildi fá
Að vita hvað hann segir.

Fuglinn segir bí, bí ,bí
bí, bí segir Stína.
Kveldúlfur er kominn í
kerlinguna mína.


Kristín litla, komdu hér
með kalda fingur þína.
Ég skal bráðum þjóða þér
báða lófa mína.

Angri veldur afi mér,
Eg á í brösum með 'ann
Hann í burtu horfinn er.
Hefur nokkur séð 'ann ?

Ranka mín er körsk og kná
Og kann að sitja á hesti.
Eitthvað burt hún fór mér frá
Með fulla tösk' af nesti.

Klappa saman lófunum
reka féð úr mounum
vinna sér inn bita
láta ekki hann pabba víta.

Litla Jörp með lipran fót
labbar götu þvera.
Hún skal seinna á mannamót
mig í söðli bera.



Tunglið, tunglið taktu mig,
og berðu mig upp til skýja.
Þar situr hún móðir mín
og syngur lofgerð nýja.

Klappa saman lófunum,
reka féð úr móunum,
rölta á eftir tófunum,
tína egg úr spóunum

Nú er úti veður vont
verður allt að klessu.
Ekki fær hann Grímur gott
að gifta sig í þessu.

Eitthvað tvennt á hné ég hef
heitir annað Stína
hún er að láta lítið bréf
í litlu nösina sína.

Rúnki fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
hann lét klárinn brokka.

Grýla á sér lítinn bát
rær hún fyrir sandi
þegar hún heyrir barnagrát
flýtir hún sér að landi.


Óskasteinar

Bardos Lajos/ljóð Hildigunnur Halldórsdóttir

Fann ég á fjalli fallega steina
faldi þá alla vildi þeim leynd,
huldi þar í hellisskúta heilla steina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina,
er þeir skyldu uppfylla um ævídaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur,
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu.



Kvæðið um fuglana

Atli Heimir Sveinsson/Davíð Stefánsson

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængja þyt,
um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið englar guðs í paradís.

Söngur Dimmalimm

Atli Heimir Sveinsson/Atli Már Árnason

Sjáðu, sjáðu svanur!
Skógurinn er að skemmta sér,
sko, hann bangsi dansa fer.
Svanur á báru!


Veröldin blíð.
Í suðri gala gaukar,
grösin spretta og laukar,
sæl er sumartíð.

Syngdu, syngdu svanur!
Álfar hoppa, einn, tveir, þrír.
Öll nú kætast skógardýr.
Svanur á báru!

Veröldin blíð...

Hjúfra, hjúfra svanur,
í hálsakotið hjúfra þig.
Ég held þú megir kyssa mig.
Svanur á báru!

Veröldin blíð...



Myndin hennar Lísu

Olga Guðrún Árnadóttir

Gult fyrir sól, grænt fyrir líf,
grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.
Hvítt fyrir börn, sem biðja um frið
biðja þess eins að mega lifa eins og við
er ekki jörðin fyrir alla.

Taktu þér blað, málaðu á það
mynd þar sem allir eiga öruggan stað
augu svo blá, hjörtu sem slá
hendur sem fagnar halda frelsinu á.
Þá verður jörðin fyrir alla.

Bíum, bíum, bambaló

Írskt þjóðlag/Jónas Árnason

Bíum, bíum, bambaló,
bambaló og dilli-dilli-dó.
Vini mínum vagma ég í ró,
en úti bíður andlit á glugga.

Þegar fjöllin fimbulhá
fylla brjóst þitt heitri þrá,
leika skal ég langspil á;
það mun þinn hugann hugga.


Þegar veður geisa grimm,
grúfir yfir hríðin dimm,
kveiki ég á kertum fimm,
burt flæmi skammdegisskugga.

Klementínudans

Atli Heimir Sveinsson/Halldór Laxness

Lángt fyrir utan ystu skóga
árið sem að gullið fannst
:,: einn bjó smiður út í móa
og hans dóttir sem þú manst. :,:

Litla smáin, lofi fáin,
lipurtáin gleðinnar,
:,: ertu dáin út í bláinn
eins og þráin sem ég bar. :,:



Vatn úr þúsaldaljóðum.

Tryggvi Baldvinsson/Sveinbjörn I. Baldvinsson

Vaggar bára vænum bát,
vakir már á skeri.
Ufsi frá með allri gát,
:,: uggaárum réri :,:

Vatn á kolli, vatn í skó,
vatn í bolla og glasi.
Vatn í polli, vatn í sjó,
vatn á skollagrasi.

Dropar renna rúðum á,
regn á enni bylur.
Hvað veiðimenn í vöðlu þrá,
er :,: víður flennihylur :,:

Vatn á kolli, vatn í skó,
vatn í bolla og glasi.
Vatn í polli, vatn í sjó,
vatn á skollagrasi.


Eldur úr Þúsaldarljóðum

Tryggvi Baldvinsson/Sveinbjörn I. Baldvinsson

Eldurinn logar
langt niðri í jörðu,
leitar að opinni slóð.
Æðir um ganga,
grefur sér leiðir,
glóandi, ólgandi blóð.

Spýttist úr gígum
með geigvænu öskri,
grásvörtum bólstrum af reyk.
Leifrandi steinar,
logandi hraunið,
lifandi kraftur að leik.

En handann við sortann,
háskann og mökkinn,
sem heldimmur leggst yfir ból.
Dansar á himni,
dátta yfir landi,
dirfskunnar leifrandi sól.



Sumri hallar

Íslenskt þjóðlag/þjóðvísur

Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar,
hafa fjallahnjúkarnir
húfur mjallahvítar.

Girnar allar elfur skjól
undir mjallar þaki,
þorir vala að sýna sól
sig að fjallabaki.

Verður svalt því veðri er breytt,
vina eins er geðið,
þar sem allt var áður heitt,
er nú kalt og freðið.

Ég get verið þíðan þín
þegar allt er frosið.
Því sólin hún er systir mín
sagði litla brosið.


Sestu hérna sólskinsbarn,
sumar hjá þér dvelur,
meðan haustsins gráa garn
grösin jarðar felur.

Nú blánar yfir berjamó

höf. Ókunnur/Guðmundur Guðmundsson

Nú blánar yfir berjamó
og börnin smá í mosató
:: og lautum leika sér ::
Þau koma, koma kát og létt,
á kvikum fótum taka sprett
:: að tína, tína ber ::

En heima situr amma ein,
að arni hvílir lúin bein,
:: og leikur bros um brá ::
er koma þau með körfur inn
og kyssa ömmu á vangann sinn
:: og hlæja berjablá ::



Berjaför

Gamli Nói e. Bellman/höf. ókunnur

Litli Siggí, litla Sigga
löbbaðu út í mó.

Bæði ber að tína
í berjafötu sína.

Það var gaman, það var gaman,
hopp og hæ og hó.

Litli Siggí, litli Siggí
litla þúfu fann.

Blessuð berin ljúfu
byrgðu alla þúfu.

Eitt af öðru, eitt af öðru
upp í munninn fann.

Litla Sigga, litla Sigga
Ítinn bolla sá.


En sá litaljóminn,
litlu fögru blómin.

Þau ég tíni, þau ég tíni,
þau skal mamma fá.

Heim þau gengu, heim þau gengu
heldur kát og rjóð.

Buðu ber að smakka,
börnunum allir þakka.

Allir segja, allir segja:
"ögn eru berin góð".



Hvert er horfið laufið?

Lag: belgískt þjóðlag Texti: Herdís Egilsdóttir

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað, orðin gul og rauð.

Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum ljóma slær.
Ég brýt heilann um það, segðu mér hvað heldur þú,
kemur haustið fyrst á morgun,
er það komið nú?

Nú er grettin jörðin, eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.
Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin spor.
Ég verð kuldatið að þola þar til kemur vor.

Út um mó, inn í skóg

enskt lag/Friðrik Guðni Þorleifsson


Út um mó, inn í skóg,
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litu berin lyngi vaxa á,
tína, tína tína má.

Tína þá, berjablá
börn í lautu til og frá.
þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Kling, klang, klukkan slær

finnskt þjóðlag/Herdís Egilsdóttir

Kling, klang, klukkan slær, komdu út í móinn.
Berjafata bíður þín og blessuð kóngulóin.
Vísar hún þér veginn þar sem vaxa ber á þúfu.
Rauðu, bláu, svörtu, sætu, safaríku og ljúfu.



Rigningardagur í nóvember

Pia Laug/Ebba Munk og Aðalsteinn Ásberg

Ég vil mála dægrin blá,
marga sólargeisla sjá,
lita bæði ljós og skugga,
láta eitthvað við mér stugga,
horfa út um opinn glugga.
Ég vil mála dægrin blá.


Ég vil mála dægrin gul,
minnast ekki á næturkul,
eiga í önnur hús að venda,
almanaki gömlu henda,
trúa´ að regnið taki enda.
Ég vil mála dægrin gul.

Ég vil mála dægrin rauð,
muna náttúrunnar auð,
sóleyjar og fjólur finna,
ffífil, smárablóm og vinna,
því að mörgu þarf að sinna.
Ég vil mála dægrin rauð.

Ég vil mála dægrin græn,
mild og hlý og fagurgræn,
kveikja kertaljós í stjökum,
kætast gleyma undirhökum,
ná á spegli nýjum tókum.
Ég vil mála dægrin græn.

Ég vil mála dægrin hvít,
margvísleg, til einhvers nýt,
þurrka af og þvo og bóna,
þrífa´ og þússa gömlu skóna,
hlusta´ á forna og fræga tóna.
Ég vil mála dægrin hvít.

Ég vil mála dægrin ljós,
meta aftur gamalt hrós.
Nú með stakri stundarhlýju.
Styttir upp um klukkan tíu.
Þurr er nóvember að nýju.
Ég vil mála dægrin ljós.



Útlaginn

Dave Guard/Jón Sigurðsson

Upp undir Eiríksjökli
á ég í helli skjól.
Mundi þar mörgum kólna,
mosa er þakið ból.

Útlagi einn í leyni
alltaf má gæta sín.
Bjargast sem best í felum
breiða yfir sporin mín.


Ungur ég fór til fjalla,
flúði úr sárri nauð.
Úr hreppstjórans búi hafði
ég hungraður stolið sauð.

En hann átti hýra dóttur
sem horði ég tíðum á.
Nú fæ ég aldrei aftur
ástina mína að sjá.

Stundum mig dreymir drauma,
dapurt er líf mitt þá.
Aldrei mun lítill lófi
leggjast á þreytta brá.

Ef til vill einhvern tíma
áttu hér sporin þín.
Grafðu í grænni lautu
gulnuðu beinin mín.

Upp undir Eiríksjökli
á ég í helli skjól.
Mundi þar mörgum kólna,
mosa er þakið ból.



Krummi krunkar úti

Ísl. þjóðlag/húsgangur

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn.
Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
∴ Komdu nú og
kroppaðu með mér,
krummi nafni minn ∴∴

Krummi Fló

Íslensk þula / Bára Grímsdóttir

Krummi fló, kátur með sjó
kænlega sína vængi dró.
Sultarkló, situr í mó.
Sá hann nú hvar skipin ró
alvotur af sjó.
Kyndir hann í ofninum
bæði kvölds og morgna
og lætur sig þorna.

Krumminn í hliðinni


Íslenskt þjóðlag/þjóðvísa

Krumminn í hliðinni
hann fór að slá
þá kom Lóa lipurtá og fór að raka ljá.
Hann gaf henni hnappa þrjá
og bannaði henni að segja frá.
En hann Spói spíssnefur
hann sagði frá,
prakkarinn sá.
Þó var ljáin ekki nema
hálf tannað punktstrá.

Krummi situr á kvíavegg

Íslenskt kvæði/Íslenskt þjóðlag

Krummi situr á kvíavegg,
kroppar hann á sér tærnar.
Engan skal hann matinn fá
fyrir en hann finnur ærnar.
∴ Og tólf vantar ærnar ∴∴
Engan skal hann matinn fá
fyrir en hann finnur ærnar.



Krummi situr á kvíavegg,
kroppar hann á sér brýrnar.
Engan skal hann matinn fá
fyr en hann finnur kýrnar.
:,:Og tólf vantar kýrnar,:
Engan skal hann matinn fá
fyr en hann finnur kýrnar.

Krummi situr á kvíavegg,
kroppar hann á sér kviðinn.
Engan skal hann matinn fá
fyr en hann finnur kiðin.
:,:Og tólf vantar kiðin,:
Engan skal hann matinn fá
fyr en hann finnur kiðin.


Krummi snjóinn kafaði

1.Íslensk þjóðvísa / 2.Sveinbjörn Egilsson

Krummi snjóinn kafaði
kátur hló og sagði
að hún tófa ætlaði
einum lóga gemlingi.

Úti krunkar krummi í for
komin að bjargarþroti
„Ég hef ei séð þig síðan í vor
Sigga í Landakoti.“

Krummi snjóinn kafaði
kátur hló og sagði
að hún tófa ætlaði
einum lóga gemlingi.



Krumminn á skjánum

Íslensk þula/Íslenskt þjóðlag

Krumminn á skjánum

kallar hann inn:

„Gef mér bita af borði þínu
bóndi minn.“

Bóndi svarar býsna reiður:

„Burtu farðu krummi leiður,
líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu á tánum

krumminn á skjánum.

Nema þú sért í svörunum greiður
og segir mér tíðindin.“

„Gef mér bita af borði þínu
bóndi minn!“

Krumminn á skjánum

kallar hann inn:

„Gef mér bita af borði þínu
bóndi minn.“

Ólst ég upp hjá minni móður,
máttu heyra það bóndi góður:

sárlega varð af sulti móður,


svalt ég oft í kránum,

krumminn á skjánum.

Æpti ég þá með háum hljóðum,

hörð voru ólætín:

„Gef mér bita af borði þínu
bóndi minn!“



Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag/Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
:,: Verður margt að meini, :,:
fyrir en dagur rann
freðið nefið dregur hann
:,: Undan stórum steini :,:

Allt er frosið úti gor,
ekki fæst við ströndu mor
:,: svengd er metti mína, :,:
ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
:,: seppi úr sorpi að tína. :,:

Öll er þakin ísi jörð
ekki séð á holtaborð
:,: fleygir fuglar geta, :,:
en þó leiti út um mó,
auða hvergi lítur tó
:,:hvað á hrafn að eta? :,:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
:,: flaug úr fjallagjótum, :,:
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrr en vakna hjú,
:,: veifar vængjum skjótum. :,:


Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
:,: fyrrum frá á velli, :,:
krunk, krunk, nafnar, komið hér
krunk, krunk því oss búin er
:,: krás á köldu svelli. :,:

Sól sól skín á mig - Vetrarútgáfa

S. Gilmark/ Ari Hálfán Aðalgeirsson

Blindandi sólin um bláhiminn flæðir
Brotnar á snjónum og töfrum hann glæðir
Verminn hann garðinn og veturinn flýr
Vorið glænýtt ævintýr.

(Sól, sól skín á mig.....)



Við skulum róa

Íslenskar stökur / íslenskt kvæðalag

Við skulum róa sjóinn á
og sækja okkur ýsu.
Ef hann krummi kemur þá
kallar hann á hana Dísu.

Við skulum róa sjóinn á
og sækja okkur lúðu.
Ef hann krummi kemur þá
kallar hann á hana Þrúðu.

Við skulum róa sjóinn á
og sækja okkur löngu.
Ef hann krummi kemur þá
kallar hann á hana Möngu.

Við skulum róa sjóinn á
og sækja okkur skötu.
Ef hann krummi kemur þá
kallar hann á hana Kötu.

Við skulum róa sjóinn á
og sækja okkur fiskinn.
Ef hann krummi kemur þá
kallar hann á hana diskinn.

Aulinn krummi


Þjóðvísa/Íslenskt þjóðlag

Aulinn krummi aldrei leit í bók,
var í þessu verri' en nokkur drussi.,
vildi heldur vera eins og skussi,
því hann hafði þar til sniðna brók.

Krummapulur

Íslenskar þulur/Bára Grímsdóttir

Stígur hún og stappar
þar sem hann krummi vappar
stappar hún og stígur
þar sem hann krummi flýgur.



Dó dó og dumma.
Dagur er fyrir sunnan.
Sástur hvergi hvítan blett
á bakinu á honum krumma?
Krumminn á skjá skjá
skekur belgi þrjá þrjá.
Hvað mun hann vilja fá fá?
Bíta börnin smá smá
bera þau inn í rá rá
liggja lömbin hjá hjá
leiður er krummi sá sá.

Krummi situr á kirkjuburst
kallar upp með hárra raust
vetur, sumar, vor og haust
vappar hann út um berjamó
með gullhempu og svarta skó.


Krummi situr út á vegg
og er að kroppa lítið egg
þá kemur hún kisa grá
með spítuna og hrognið smá
og segir við krumma: „Farðu frá!“

Þorraprællinn 1866

“Lumpazivagabundur”/Kristján Jónsson

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð.
Kveður kuldaljóð,
Kári´ í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil
hlær við hriðarbyl
hamragil.

Mararbára blá
brotnar þung og há
unnar steinum á
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn
hásetinn.




Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
“Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin.
Nú er hann enn að norðan,
næðir kuldaél
yfir móa´ og mel,
myrkt sem hel.”

Bóndans býli á
björtum þeytir snjá.
Hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hingaskorðan
huggar manninn trautt:
Brátt er búrið autt,
búið snautt.

Þögull þorri heyrir
þetta harmakvein,
en gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:

“Bóndi minn, þitt bú
betur stunda þú.
Hugarhrelling sú
er hart þig þjakar nú,
þá mun hverfa´en fleiri
höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.



Veturinn

Finnskur barnasöngur/pýð. Þorsteinn frá hamri

Heill sértu vetur, klakakonungstetur.
Blástu'úr skeggi skæðum hríðum,
skrýddur ísakufli víðum.
Heill sértu vetur, klakakonungstetur.

Hvar býrðu vetur, klakakonungstetur?
"Þar sem ísbjörn er á sveimi,
yst og nyrst í jötunheimi".
Þar býrðu vetur, klakakonungstetur.

Heill sértu vetur, klakakonungstetur.
Upp í fenntum fjallahlíðum
fjöldi barna er á skíðum.
Þökk sé þér vetur, klakakonungstetur.

Kuldaboli


Lag: Litlu andarungarnir/Örnólfur Kristjánsson

Kuldaboli bítur eyrun, bísna er nú kalt
blæs hann snjó um allt
víst er gott að eiga húfa, vettlinga og góða
skó,
víst er gott að eiga húfu, vettlinga og skó.

Mér er kalt á tánum

Höf. ókunnur

Mér er kalt á tánum, ég segi það satt
Ég er skólaus og skjálfandi og hef engan
hatt.
Það snjóaði í morgun, það snjóar í dag.
Ég er alveg ráðalaus en hvað með það.
Ég syng mína vísu, um snjóinn og mig.
Tralla lalla lalla, um snjóinn og mig.



Vetrarkuldinn

franskt lag/Bórarinn Eldjárn

Æ, vetrarkuldinn klípur í vangann,
æ, vetarakuldinn vondur hann er.
Ég hoppa, ég dansa, ég hleyp daginn
langan
svo vetrarkuldinn vinni' ekki' á mér.

Frost er úti

enskt lag/höf. ókunnur

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Nú er úti norðanvindur


Þjóðlag frá Týról/Ólafur Kristjánsson frá Mýrarhúsum

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
þá mundi ég láta þær allar inn,
elsku besti vinur minn.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skír og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól

Elsku besti stálagrér,
heyrirðu hvað ég segi þér:
"Þú hefur étið úldið smér,
og dálítið af snæri,
elsku vinurinn kæri".



Þarna sé ég fé á beit,
ei er því að leyna.
Nú er ég kominn upp í sveit
á rútunni hans Steina.
Skilurðu hvað ég meina?

Höfði stingur undir væng,
hleypur nú á snærið.
Hún Gunna liggur undir sæng,
öll nema annað lærið.
Nú er tækifærið.

Þungt ymur Þorrinn

Írskt lag/Jónas Árnason

Sestu hérna, sonur,
sestu mér hjá
meðan þungt ymur þorrinn
þekjunni á.

Þungt ymur þorrinn,
þrengir að með snjó.
Komdu og sestu hérna, sonur.
Þei, þei og ró.


Upp í æfistigann
árin bera þig;
sú kemur, kemur tíðin
að kveður þú mig

Hvert sem leið þín liggur
á landi eða sjó,
sýndu óvild engum manni
Þei, þei og ró.

Liggi lítilmagninn
lágt í öskustó
reisi hönd þín hann á fætur
þei þei og ró.

Engan órétt þoldu;
aldrei láttu þó
þínu hjarta hatrið spilla
þei, þei og ró.

Þungt ymur þorrinn
þrengir að með snjó.
Komdu og sestu hérna, sonur
þei, þei og ró.



Móðir mín í kví kví

Ísl. Þjóðlag úr Þjóðsögu

"Móðir mín í kví, kví,
kvíddu ekki því, því;
ég skal ljá þér duluna mína,
duluna mína að dansa í."

Völuvísa

Böðvar Guðmundsson/Auður Haralds.

Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey,
enda skalt þú börnum þínum kenna fræðin
mín.
Sögðu mér það álfarnir í Suðurey,
sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,
sögðu mér það gullinmura og gleym-mér-
ei og gleymdu því ei;
að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,
honum verður erfiður dauðinn.

Álfadrottningin

Birte Harksen/Baldur A. Kristinsson


Á álfaballi skal dansinn duna,
álfar og menn um gólfið bruna!
Já, komið nú krakkar og dansið við mig,
Komið og dansið við mig.

Ó, nei, ó nei, ó nei, við gerum það ei,
dansaðu við þig sjálfa!
Því mamma og pabbi segja að
við megum ekki dansa við álfa!

Á álfaballi skal dansa lengi,
það á við bæði um stúlkur og drengi!
Já komið nú krakkar og dansið við mig,
komið og dansið við mig!

Ó, nei, ó nei, ó nei

Æ, syngjum nú saman og dönsum,
svo allir fari frá viti og sönsu!
Já komið nú krakkar og dansið við mig,
komið og dansið við mig!



Ó, nei, ó nei, ó nei,
við gerum það ei,
dansaðu við þig sjálfa!
Því mamma og pabbi segja að
við megum ekki dansa við álfa!
- Það er hættulegt að dansa við álfa!!

Karlinn undir klöppunum

höf. ókunnur, munnleg heimild

Karlinn undir klöppunum
klórar sér með löppunum,
bacular undir bökkunum,
ber sig eftir krökkunum
á kvöldin.

Komi þeir sem koma vilja,
fari þeir sem fara vilja
veri þeir sem vera vilja
mér og mínum að meinalausu.


Karl sat undir kletti

Jórunn Viðar

Karl sat undir kletti
og kordur sínar sló,
hann hafði skegg svo skritið
og skögultönn og hló.
Hann hafði skegg svo skritilegt
og skögultönn og hló.

Huldun upp í hamri
heyrði ljúfan klið,
hún læddist út úr hamri
og lagði eyrun við.
Hún læddist út úr hamrinum
og lagði eyrun við.

Síðan hefur hvorugt
hér um slóðir sést.
Sá gamli var víst ekki
eins gamall og hann lést.
Sá gamli var víst ekki nærri'
eins gamall og hann lést.



Komi þeir sem koma vilja


Spaðar: Magnús Haraldsson/ Magnús Haraldsson

Ég átti von á álfum
af Ísilagðri tjörn;
ég sagt gat mér það sjálfum
að sókn er besta vörn!
Hún langa-langa-amma
það lagði í vana sinn,
þrisvar sinnum þramma
og þylja húsganginn:

„Komi þeir sem koma vilja,
veri þeir sem vera vilja,
fari þeir sem fara vilja,
mér að meinalausu!“

Já, þrisvar sinnum þramma
og þylja húsganginn:
hún langa-langa-amma
það lagði í vana sinn.
Ég sagt gat mér það sjálfum
að sókn er besta vörn!
Ég átti von á álfum
af Ísilagðri tjörn.

„Komi þeir sem koma vilja,
veri þeir sem vera vilja,
fari þeir sem fara vilja,
mér að meinalausu!“



Ólafur Liljurós

Ólafur reið með björgum fram,
villir hann, stillir hann;
hitti hann fyrir sér álfa rann,
þar rauður loginn brann.

*Blíðan lagði byrinn
undan björgunum,
blíðan lagði byrinn
undan björgunum fram.*

Þar kom út ein álfamær,
sú var ekki Kristi kær.

Þar kom út ein önnur,
hélt á silfurkönnu.

Þar kom út hin þriðja,
með gullband um sig miðja.

Þar kom út hin fjórða,
hún tók svo til orða:

„Velkominn Ólafur Liljurós!
Gakk í björg og bú með oss!”


„Ekki vil ég með álfum búa,
heldur vil ég á Krist minn trú.”

Vendi ég mínu kvæði í kross,
sankti María sé með oss.

Góða veislu gjöra skal
færeyskt þjóðkvæði

Góða veislu gjöra skal
þar sé geng í dans.
Kveð ég um kóng Pípin
og Ólöfu dóttur hans.

Stígum fastar á fjöl
spörum ei vorn skó.
Guð mun ráða
hvar við dönsu næstu jól.



Álfadans (Nú er glatt í hverjum hól)

Helgi Helgason/Sæmundur Eyjólfsson

Nú er glatt í hverjum hól,
hátt nú allir kveði;
hinstu nótt um heilög jól
höldum álfagleði.

*Fagurt er rökkríð
við ramman vættasöng.
:Syngjum dátt og dönsum,
því nóttin er svo löng.:*

Kátir ljúflings kveðum lag,
kveðum draumbót snjalla,
kveðum glaðir Gýgjarslag,
glatt er nú á hjalla.

Veit ég Faldafeykir er
fáránlegur slagur
og hann þreyta ætlum vér
áður en rennur dagur.


Síðast reynum Rammaslag.
Rökkva látum betur.
Það hið feiknum fyllta lag
fjörگاð dansinn getur.

Fyrst skal leika lögin mild
léttan kveðum slaginn
en á lögin töfrum trylld
treystum undir daginn

Þá skulu vakna undur öll
Allir kraftar hrærast
Fram úr hömrum ferleg tröll
Flykkjast þá og ærast

Öllum býsnum braut sé rudd
Bifist hallir álfa
Þá skal foldin steini studd
Stynja, nötra, skjálfta

Vex þá fjör um fold og sæ
Fjötrar allir slitna
Þá skal vakna bóndi á bæ
Blóð í æðum hitna



Áfram sérhvert undralag
Efli hver sem getur
Síðast reynum Rammarslag
Rökkva látum betur

Álfadansinn (Máninn hátt á himni skín)

Jón Ólafsson

Máninn hátt á himni skín,
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður,
og liðið er nú ár.

*Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn,
og hratt flýr stund.*

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt vér dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Nú er glatt hjá álfum öllum


höf. ókunnur

Nú er glatt hjá álfum öllum.
Hæfadderífadírallala
Út úr göngum gljúfrahöllum.
Hæfadderífadderallala

Fyrir löngu sest er sól.
Sjaldan eru brandajól.
Hæfadderí, hæfaddera,
Hæfadderífadderallala

Dönsum dátt á víðum velli.
Dunar hátt í hól og felli.
Álfasveinninn álfasnót
einni sýnir blíðuhót.

Dönsum létt með lipra fætur.
Stígum nett um stirndar nætur.
Dönsum blessuð brandajól
þjört uns rennur morgunsól



Ekillinn frá Álfahamri (braghenda)

Davíð Stefánsson

Einu sinni ekill bjó í Álfahamri,
er alt af söng í svefni og vöku
með sama lagi þessa stöku:

„Upp í háa hamrinum býr huldukona;
það veit engin Íslendingur
annar en ég, hvað vel hún syngur.“

Eitt sinn hvarf hann, ekillinn frá Álfahamri;
ekki var það allt með feldu
eftir því, sem sumir héldu.

Leitað var hans út með á og upp við
hamra.
En allir höfðu öðru að sinna,
og ekillinn var hvergi að finna.

Löngu seinna sauðamaður sagðist hafa
heyrt hann glöggt á hlóðri vöku
í hamrinum kveða þessa stöku:

„Uppi' í háa hamrinum býr huldukona;
það veit enginn Íslendingur
annar en ég, hvað vel hún syngur.“


Álfareiðin

Jónas Hallgrímsson

Stóð ég úti í tunglsljósi, stóð ég út við skóg
Stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir á sönglúðra, og bar þá að mér
fljótt,
bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir
grund,
hornin jóa gullroðnu blika við lund,
eins og þegar álfir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðrabýt og söng.

Heilsaði' hún mér drottningin og hló að
mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin sem kallar að mér?



Til veiga

Bellmann/Hannes Hafstein

∴ Til veiga ∴

vjer vekjum sérhvern mann!
kominn er illviðra kóngurinn Þorri
kaldur og sárreiður ættjörðu vorri.

∴ Með blóti ∴

vjer blíðka skulum hann.

∴ Hann situr ∴

á svelli lögðum stól.

Nær sem hann hnerrar hretin dynja,
hósti hann fold og jöklar stynja.

∴ Í kvefi ∴

er karlinn mesta fól.

∴ Hann gægist ∴

með grettum frónið á:

“Ég sver það að ef nú enginn blótar,
aðfarir skal ég þá hafa hér ljótar.

∴ Því toddý ∴

án tafar vil ég fá.”

(∴ Til forna ∴

þá fékk ég blót að sjá.)


Hættu að gráta hringaná

Íslenskt þjóðlag/Jónas Hallgrímsson

Hættu að gráta hringaná,
heyrðu ræðu mína.
Ég skal gefa þér gull í tá,
þó Grímur taki þína.

Hættu að gráta hringaná,
huggun er það meiri.
Ég skal gefa þér gull í tá,
þó Grímur taki fleiri.

Hættu að gráta hringaná,
huggun má það kalla.
Ég skal gefa þér gull í tá,
þó Grímur taki þær allar.



Tófukvæði

Ágúst Sigfússon

Ein sat tófa upp við stein
yrðling mjóan syrgði.
Hvein við skóga gisin grein
gaddur flóann byrgði.

Hreyfði búkinn hélugrá
hartnær fjúkið kanna.
Háramjúk og lappalág
leggst á dúkinn fanna.

Úr Númerimum

Móður jörð hvar maður fæðist
Mun hún eigi flestum kær.
Þar sem ljósið lífi glæðist
Og lítil sköpun þroska nær.

Þorrakvæði


Herdís Andrésdóttir

Þú ert að heilsa þorri minn,
þýður og hýr á brána.
Við það hjá mér vakna finn,
vors og sumarprána.

Oft varst þú með ygglda brá,
illa jafnan séður.
Hverju er það þakka þá
þetta blessað veður?

Þú hefur gleymt, þín gödduð spor
greyptu líf í dróma.
Þig hefur dreymt, þú værir vor
vafið sólarljóma.

Hættu köldum hríðarglaum,
hættu slysum valda.
En láttu þig þennan dýrðardraum
dreyma um aldir alda.



Þorravísur fyrir börnin

Lag: Flingruð prófar fötin þröng eða Súða lýsti af sóluunum

Þorranum kalda þreyja skal
og þannig efla glaða lund:
borða svið og súran hval,
svona kannski tíu pund.

Hangikjötið, harðfiskinn,
hrútspunga og magálinn.
Heilsu bætir hákarlinn
hann er besti vinur minn.

Rófustappa, rófustappa –
reyndu nú að klappa.


Steindór Andresen

Þegar vantar varmaföng
vist og heyjaforðann.
Þorradægri þykja löng
þegar hann blæs á norðan.

Sveinbjörn Egilsson

Kuldinn bítur kinnar manns
kólnar jarðar fræið.
Ekki er heitur andinn hans
eftir sólarlagið.

Hallgrímur Pétursson



Steindór Andersen kveður ☺

Upp í háa hamrinum býr huldukona;
það veit engin Íslendingur
annar en ég, hvað vel hún syngur

Þá var taða þá var skjól
Þá var fjör og yndi
Þá var æska þá var sól
Þá var glatt í lyndi.

Upp í gömlu Ystingsvík
á að róa, róa.
Kolbeinsvíkur kerling rík
kann að flóa, flóa.


Siggi Mangi Sveinn Guðrún
Sækið þið hann stóra brún
Imba finndu fötin mín
Flýttu þér nú stelpan þín.

Hér er ekkert hrafnaping
hér er enginn tregi.
Farðu vel með Vatnsdæling
vinur elskulegi.

Litla Jörp með lipran fót
labbar götu þvera
hún mun seinna' á mannamót
mig í söðli bera.

Auðnumaður eins og þú
Ætla ég varla að fæðist nú
Þessum hluta heimsins í
Hnekkja bágt mér verður því

Á gráum frakkafötunum
frægur stakkapórinn
gjarn að flakka á götunum
gefinn smakkar bjórinn.



Stína kvæðakona kveður ☺

- Lurkasteinsstemmur -

Snati og Óli

Þorsteinn Erlingsson

Heyrðu snöggvast, Snati minn,
snjalli vinur kæri,
heldurðu ekki hrínginn þinn
jég hermannlega bæri?

Lof mjer nú að leika að
látúnshálgjörð þinni;
jég skal seinna jafna það
með jólaköku minni.

Jæja þá, í þetta sinn
þjer er heimil ólin.
En hvenær koma, kæri minn,
kakan þín og jólin?

Sápukúlan


Sápukúlan sem er stærst
sýnir flesta liti.
En allir þeir sem hafa hæst
hugsa minnst af viti.

Blessuð sólin elskar allt.

Höfundur ókunnur/Hannes Hafstein

Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur,
haginn grænn og hjarnið kalt
hennar ástum tekur.

Geislar hennar út um allt,
eitt og sama skrifa,
á hagan grænan, hjarnið kalt:
Himneskt er að lifa!



Fyrsti maí

Þorsteinn Erlingsson

Þú ert hljóður, þröstur minn,
þjer eru góðar horfnar bögur;
fyrir jeg óðinn þekti þinn,
þá voru ljóðin mörg og fögur.

Hefurðu eingin hljóð í dag?
hjer jeg leingi feginn biði,
ef jeg feingi eitthvert lag,
áður en geingi sól að viði.


Þjer er lagin þögnin ein,
þú hefur blæinn haft um vágann
og horft á æginn efst af grein
allan daginn sumarlángan.

Litla skáld á grænni grein

Litla skáld á grænni grein,
gott er þig að finna;
söm eru lögin, sæt og hrein,
sumarkvæða þinna.

Við þinn ljetta unaðsóð
er svo ljúft að dreyma;
það eru sömu sumarljóð,
sem jeg vandist heima.

Jeg ætla að líða langt í dag
laus úr öllum böndum,
meðan þú sýngur sumarlag
Sjálands fögru ströndum.



Íslenskt vögguljóð á Hörpu

Jón Þórarinnsson/Halldór Laxness

Ég skal vaka og vera góð
vininum mínum smáa,
meðan óttan rennur rjóð
roðar kambinn bláa,
og Harpa sýngur hörpuljóð
á hörpulaufið gráa.

Stundum var í vetur leið
veðrasamt á glugga;
var ekki einsog væri um skeið
vofa í hverjum skugga?
Fáir vissu að vorið beið
og vorið kemur að hugga.


Þá er börnum betra hér
við bæarlækinn smáa,
í túninu þar sem tryppið er.
Tvævetluna gráa
skal ég góði gefa þér
og gimbilinn hennar fráa.

Maístjarnan

Jón Ásgeirsson/Halldór Laxness

Ó, hve létt er þitt skóhljóð
ó, hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt,
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér,
það er allt sem ég hef.



En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns
og á morgun skín maísól
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Pláneturnar dansa

Lag: 1Hjólín á strætó 2.Mánuðirnir / Una Björk Kjerúlf

Pláneturnar dansa í kringum sólina,
sólina, sólina.
Pláneturnar dansa í kringum sólina
í sólkerfinu okkar.

Merkúríus, Venus,
Jörðin, Mars og Júpíter
Satúrnur, Úranus
og Neptúnus er númer 8.


Tré

Valgeir Guðjónsson/ Valgeir Guðjónsson

Tré með bol og trausta rót
teygir greinar sólu mót.
Fleiri þegar eru en þrjú
það er skógur – skilur þú.
.:Skilur þú, skilur þú,
það er skógur – skilur þú.:

Vindi fyrir veita skjól
vaxa tré um dal og hól.
Andrúmsloftsins orkuver
eru laufblöð – trúðu mér.
.:Trúðu mér, trúðu mér,
eru laufblöð – trúðu mér.:

Tré í borg og tré í sveit
tölu þeirra enginn veit.
Það eflir arðinn minn og þinn
ef allir rækta garðinn sinn.
.:Garðinn sinn, garðinn sinn,
ef allir rækta gariðnn sinn.::



Fuglakantata

Valgeir Guðjónsson/Jóhannes úr Kötlum

Erlan

María Jesú móðir góð,
mild á rjóð á vanga,
hún á litlu erluna með hefðarstélið langa.

Máriu erlan mín, mín,
mikið hef ég saknað þín.
Varstu úti í Danmörku
að drekka mjöð og vín?


Erla, góða erla, englabarnið mitt,
lof mér nú að skoða betur langa stélið þitt.

Lóan

Lóan syngur dirrindí
og dirrindí og bí –
allir fagna og allir fagna
og allir fagna því.

Sæl og blessuð lóan litla,
lóan mín á heiði.
Nú ber vel í veiði.
Sól skín í heiði.

Gaman er að lifa
þegar lóan kemur heim.
Ég get ekki sofið fyrir söngvunum þeim.



Spóinn

Spáfuglinn spói spókar sig í mýri.
Langa og bogna nefið hans er líkast
ævintýri.
Sestu hjá mér vellugoggur,
svona líka grár.
Hvað heldurðu að börnin þín verði mörg í
ár?

Ástarspói, óskarspói, einfótur, tvífótur,
ef þú brýnir gogginn þinn ertu reyndar
þrífótur.

Músarbróðir


Ofurlítill músarbróðir á sér holu smáa.
Hann er minnsti fuglinn undir himninum
bláa.
Sunnan eftir tröðunum rindillinn fló.
Kisa hefur fló.
Æ, æ og ó.
Feldu þig í lófa mínum fuglinn minn góður.
Ó, að ég væri orðinn mús og ætti þig fyrir
bróður.

Stelkurinn

Stelkurinn með rauða fótinn stráin ber í
sæng.
Hann er eins og vant er með hvítt undir
væng.

Voða þykir þér gaman að vaða út í sefið.
Gefðu mér nú góði vin grænt korn í nefið.

Stelkurinn með stinna nefið stjáklar lengra
út í sefið.
Það er karl sem óttast ekki ólukku kvefið.



Sumarkveðja

Ingi T. Lárusson/Páll Ólafsson

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár.
Nú fellur heitur haddur þinn
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika á kinn,
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrið löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ.


Þú frjóngar, gleður, fæðir allt,
um fjöll og dali og klæðir allt,
og gangirðu undir, gjörist kalt,
þá grætur þig líka allt.

Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Sól

höfundar ókunnir

Sól úti,
sól inni,
sól í hjarta,
sól í sinni.
Sól, meiri sól!



Út um mela og móa

Skátalag/býð. Ragnar Jóhannesson

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

Út um strendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð.

Hér er krían á kreiki,
þarna er krumminn á reiki.
Börnin léttstíg í leiki,
fara líka í dag.

Hljóma lögin við látum;
hæfir lífsglöðum skátum,
rómi kveða við kátum
hérna kringum vorn eld.

Blátt lítið blóm eitt er


Friedrich Wilh. Küchen/þýsk þjóðvísa

Blátt lítið blóm eitt er,
ber nafnið Gleymdu' ei mér.
Væri ég fleygur fugl,
flygi ég til þín.
Svo mína sálu nú
sigráða hefur þú,
engu ég unna má
öðru en þér.

Sá ég spóa

Uppruni keðjulags ókunnur/Sigurður Jónsson

Sá ég spóa,
suður í flóa,
syngur lóa
úti móa.
Bí, bí, bí, bí
Vorið er komið víst á ný.



Krakkar út kátir hoppa

Danskt lag/Margrét Jónsdóttir

Krakkar út kátir hoppa
úr koti og höll.
Léttfættu lömbin skoppa
um laut og völl.
Smalar í hlíðum húa
sitt hvella lag.
Kveður í lofti lóa
svo léttan brag.

Vetrarins fjötur fellur
þá fagnar geð.
Skólahurð aftur skellur
og skruddan með.
Sóleyjar vaxa í varpa
og vorsól skín.
Velkomin vertu Harpa
með vorblóm þín.


Græn eru laufin

Lag: abcd

Græn eru laufin
og grasið sem grær,
glóðin er rauð
og eldurinn skær.

Fífill og sóley
eru fagurgul að sjá,
fjöllin og vötnin
og loftin eru blá.

Hvítur er svanur
sem syndir á tjörn
og svartur er hann krummi
og öll hans börn.



Nú er sumar

C. E. F. Weyse/Steingrímur Thorsteinsson

Nú er sumar,
gleðjist gumar,
gaman er í dag.
Brosir veröld víða,
veðurlagsis blíða
eykur yndishag.

Látum spretta,
spori léttá,
spræka fáka nú.
Eftir sitji engi,
örvar víf og drengi
sumarskemmtun sú.

Tíminn líður
tíminn býður
sælan sólskinsdag.
Yndi er úti á grundum
yndi heim þá skundum
seint um sólarlag.

Sól sól skín á mig

S. Gilmark/Magnús Pétursson og Sveinbjörn Einarsson


Sól sól skín á mig
ský ský burt með þig
gott er í sólinni að gleðja sig
sól sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í bænum
sveitirnar klæðast feldinum grænum.
Ómar allt lífið af yndi og söng
unaðsbjörtu dægrið löng.

Signir sól

Þýskt lag/Gunnar M. Magnússon

Signir sól, sérhver hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð
blika fjalls í hlíð.
Nú er fagurt flest í dag
fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.



Vorvindar glaðir

Sænskt þjóðlag/býð. Helgi Valtýsson

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um löndin rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa.
Hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjarta mitt litla, hlustaðu á.
Hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður.
Frjálst er í fjallasal.


Frjálst er í fjallasal

Fr. Kulhlau/Steingrímur Thorsteinsson

Frjálst er í fjallasal,
Fagurt í skógardal,
Heilnæmt er heiðloftið tæra.
Hátt yfir hamrakór
Himininn,blár og stór,
Lyftist með ljóshvolfið skæra.

Hér upp í hamraþröng
Hefjum vér mogunsöng,
Glatt fyrir góðvætta hörgum.
Viður vor vökuljóð
Vakna þú sofin þjóð!
Björt ljómar sól yfir björgum.

Er sem oss ómi mót
Íslands frá hjartarót
Bergmálsins blíðróma strengir.
Söngbylgjan hlíð úr hlíð
Hljómandi, sigurblíð,
Les sig og endalaust lengir



Kveikjum eld

Oddgeir Kristjánsson/Árni úr Eyjum

Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátt hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.
Örar blóð, örar blóð
um æðar rennur.
Blikar glóð, blikar glóð,
brestur hátt.

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.
Að logum leikur ljúfasti aftanblær.
Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátt hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.


Heiðlóarkvæði

Þýskt þjóðlag/Jónas Hallgrímsson

Snemma lóan litla í
lofti bláu dirrindí
undir sólu syngur:
“Lofið gæsku gjafarans,
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhringur.

Ég á bú í berjamó.
Börnin smá í kyrrð og ró
heima í hreiðri bíða.
Mata ég þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða fluga fríða”

Lóan er heim úr lofti flaug,
ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu,
til að annast unga smá.
Alla hafði étið þá
hrafn fyrir hálfri stundu.



Þýtur í laufi

Aldís Ragnarsd./Tryggvi Þorsteinsson

Þýtur í laufi, bálið brennur.
Blærinn hvíslar: “sofðu rótt.”
Hljóður í hafíð röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.
Vaka þá ennþá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur gaman.
Gleðin hún býr í fjallasal.

Vertu til

rússneskt lag/ljóð Tryggvi Þorsteinsson

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

Vorvísá


danskt lag/Jón Thoroddsen

Vorið er komið og grundirnar gróa,
gilin og lækirnir fossa af brún,
syngur í runni og senn kemur lóa,
svanur á tjarnir og þröstur í tún.
Nú tekur hýrna um hólma og sker,
hreiðrar sig blikinn og æðurinn fer.
Hæðirnar brosa og hlíðarnar dala,
hóar þar smali og rekur á ból,
lömbin sér una um blómgaða bala,
börnin sér leika á skeljum á hól.

Við göngum mót hækkandi sól

höf. ókunnur/Aðalsteinn Sigmundsson

Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól
og sjáum hana þýða allt sem kól, kól, kól
.;: Svo vætlurnar streyma og
vetrinum gleyma, því vorið er
komið með sól, sól, sól. .;:



Ó, heill sé þér bráðláta vor,vor,vor,
velkomid að greikka okkar spor,spor,spor.
:,: því ærsl þín og læti
og ólgandi kæti.
er æskunnar paradís vor,vor,vor :,:

Og hjörtu okkar tíðara slá,slá,slá
við slöngvum deyfð
og leti okkur frá,frá,frá,
:,: og leggjum til iðin,
í leysingjakliðinn
það litla sem hvert okkar má,má, má. :,:

Göngum göngum

danskt lag/Þórður Kristleifsson

Göngum, göngum,
göngum upp í gilið,
Gljúfrabúann til að sjá.
Þar á klettasyllu svarti krummi
Sínum börnum liggur hjá.

Nú sólin skín


Þjóðlag frá Austurríki/höf. ókunnur

Nú sólin skín og skellihlær
við skulum syngja lag,
því vetur kaldur var í gær
en vorið kom í dag.
Fallerí, fallera, fallerí
fallerahahahahaha.
Fallerí, fallera,
en vorið kom í dag.

Lóan er komin

amerískt lag/Páll Ólafsson

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.



Í fjalladal

býskt lag/ þýð. Guðmundur Guðmundsson

Í fjalladal, í fjalladal
er fagurt oft á vorin,
er grænkar hlíð og glóa blóm
og glymur loft af svanahljóm.
Í fjallasal, í fjallasal
er fagurt oft á vorin.

Í fjalladal, í fjalladal
er fagurt oft á haustin,
er hrimgað tindrar lauf og lyng
og ljómar tunglskin allt í kring.
Í fjallasal, í fjallasal
er fagurt oft á haustin

Við göngum svo léttar

Felix Körling/þýð. Freysteinn Gunnarsson

Við göngum svo léttar í lundu,
því lífsgleðin blasir oss við.


Við lifum á líðandi stundu
við lokkandi söngvanna klið.
Tra ra la...

Við göngum og syngjum hér saman,
því söngurinn hann er vort mál,
og nú verður glaumur og gaman,
nú gleðjist hver einasta sál.
Tra ra la...

17. júní

Bjartmar Hannesson

Blómin springa út
og þau svelgja í sig sól,
sumarið í algleymi
og hálf tveggja ár enn í jóli.
Í hjarta sínu fólkið gleðst
Og syngur lítið lag,
því lýðveldið Ísland
á afmæli í dag.
∴; Hæ hó jibbí jei og jibbí jei,
Það er kominn 17. júní. ∴;



Með sól í hjarta

Jimmie Davis&Charles Mitchell/höf. ókunnur

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut,
í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
og kakó hitum og eldum graut.

Enn logar sólin á Súlnatindi,
og senn fer nóttin um dalsins kinn,
og skuggar lengjast og skátinn þreytist,
hann skríður sæll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í værðarvoðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin,
í takti, einmitt við þetta lag.


Það er vor

Soffía Vagnsdóttir

Það er vor og þá vindurinn blíðlega blæs.
Það er vor og á heiðinni leikur sér gæs.
Það er vor og veturinn farinn!
Vor! Það er vor! Það er vor!

Það er vor og í boltaleik barnið þá fer.
Það er vor og í sveitinni sauðkindin ber.
Það er vor og veturinn farinn!
Vor! Það er vor! Það er vor!

Það er vor og í görðunum gróa brátt blóm
Það er vor og þá heyrum við söngfugla
óm.
Það er vor og veturinn farinn!
Vor! Það er vor! Það er vor!



Þingvallasöngur

Helgi Helgason/ Helgi Helgason & Steingrímur
Thorsteinsson

Öxar við ána árdags í ljóma
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja,
fram, fram bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðaböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum, vorri þjóð.

Signir sól

Þýskt lag/Gunnar M. Magnúss

Signir sól sérhvern hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð,
blika fjalls í hlíð.
Nú er fagurt flest í dag.
Fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.

Björkin

rússneskt þjóðlag/Þorsteinn Valdimarsson


:: Þerrðu tár þín barn, sagði björkin, ::
:: ljúlí - ljúlí, sagði björkin. ::

:: Sníð þú af mér grein og ger þér flautu, ::
:: ljúlí - ljúlí, sagði björkin. ::

:: Blástu svo og legg við lítið eyra, ::
:: ljúlí - ljúlí, sagði björkin. ::

:: Söngur vermir heitar hverjum eld, ::
:: ljúlí - ljúlí, sagði björkin ::

:: Fræ hans berast víða fyrir vindum, ::
:: ljúlí - ljúlí, sagði björkin ::



Vorvindar glaðir

Sænskt þjóðlag/ þýð. Helgi Valtýsson

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um löndin létt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla hlustaðu á,
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
frjálst er í fjalladal.

Sumarfrí

Höf. ókunnur

Sumarfrí, ég fer í sumarfrí!
Sumarfrí! Og sólin felur öll ský.
Og fuglar syngja dirrendídí,
því nú er sumarfrí!


Er heilsar sumarsól

Höf, ókunnur/Páll J. Árdal

Er heilsar sumarsól,
er heilsar sumarsól, sól, sól.
Er heilsar sumarsól,
er heilsar sumarsól.

Tra la la la la la
Tra la la la la la la la
Tra la la la la la
Tra la la la la la.

Þá skulu leiðis skilja hér
og skemmtun góða þakka ber.
Við sjáumst annað sinn,
við söng og leik þig finn.
Við sjáumst annað sinn,
við söng og leik þig finn.



Eitt lag fallett (Holtasóley)

Spaðar: Magnús Haraldsson / Magnús Haraldsson
og Aðalgeir Arason

Holtasóley heitir blóm
hefur nafnið undrahljóm;
töfrar tóna
tignarkróna;
okkar fjalladrottning fróm.

Veitir bláum augum yl,
ei margt fríðara er til.
Blessuð bláu
blómin smáu
skreyta hæð við skóg og gil.


Svo er eitt blóm allra vænst,
að því ég hef lengi hænst
en ég segi ekki sálu hvað hún heitir.

Kannski sérð þú svona strá
sem þú greinir aldrei frá;
aðeins berð í brjósti þér sem ljúfa þrá.

Mér um hug og hjarta nú

Þýskt lag/Steingrímur Thorsteinsson

Mér um hug og hjarta nú
hljómar sætir líða.
Óma vorljóð óma þú
út um grundir víða.
Hljóma þar við hús þú sér
hýrleg blómin skína.
Fríðri rós, ef fyrir ber,
færðu kveðju mína.



Ballaðan um Gretti Ásmundarson

Spaðar: Magnús Haraldsson / Guðmundur Andri Thorsson

∴:Mælt er: sitt er hvað gæfa og gjörvileiki.∴:

Söguna af Gretti,
við svolítið lag ég setti.
Hann var kappi
sem keim bar af dýrling og hrappi.

Ekki beint góður,
átti þó ástríka móður,
aldrei beint illur,
óð þí ófáar villur.

∴:En engi maður
engi maður skapar sig sjálfur.∴:

Föður sinn kvaldi
flest verk sér eftir taldi,
um fátt eitt hirti
og fiðurfénaðinn myrti.

Vildi slást við
vini og meinvættir fást við,
óx sífellt styrkur,
strákurinn var ofvirkur.


∴:Illt er að eggja, að eggja óbilgjarnan.∴:

Hann Grettir sterki
stráfelldi tólf berserki,
svam með eldinn,
sótti bjarndýrsfeldinn,

Gekk í hauginn,
glímdi hart við drauginn,
uppskar skaxið;
afl mjög hafði vaxið.

∴:fátt er rammara
er rammara en forneskjan.∴:

Lagði Glám, þrælinn,
varð þaðan í frá myrkfælinn
æðtíð um óttu
augun Gláms hann ofsóttu.



Hans meðbyr fékk endi
er menn inni óvart brenndi.
Dómur óvægur,
dómsorðið var: útlægur

∴ber er hver á bakinu
nema sér bróður eigi∴

Dróst hann loks móður
í Drangey með Illuga bróður
en flagðs með fulltingi
þeir felldu hann samt með fjölkynngi

Sterkastur manna
Sturlu orð það sanna,
hans útleð lengst varði,
var hefnt í Miklgarði.

Sagan um Gretti
var sögð hér á einu bretti.
Gjörvileik fékk hann,
gæfan samt alveg sniðgekk hann.

∴Mælt er: sitt er hvað gæfa og gjörvileiki∴

Lög úr enskukennslu

Hello, Hello (yngri)


Hello, hello, Hello, how are you?
Hello, hello, Hello, how are you?
I'm good (Clap)
I'm great (Clap)
I'm wonderful!

Now It's Time For English (eldri)

Now it's time for English, English, English.
Now it's time for English,
We're going to have some fun.
English (English) Fun (Fun) English
(English)
We're going to have some fun!

See You Later (yngri)

See you Later (Clap-Clap)
See You Later (Clap-Clap)
See You Later, Goodbye, So long.



If You're Happy

∴ If you're happy, happy, happy,
clap your hands. (clap-clap) ∴
If you're happy, happy, happy,
clap your hands, clap your hands.
If you're happy, happy, happy
clap your hands. (clap-clap)

∴ If you're sad, sad, sad,
give a little hug. (squeeze) ∴
If you're sad, sad, sad,
give a little hug, give a little hug.
If you're sad, sad, sad,
give a little hug.

∴ If you're sleepy, sleepy, sleepy,
go to sleep. (Ahhhhhhhh) ∴
If you're sleepy, sleepy, sleepy,
go to sleep, go to sleep. (Ahhhhhhhh)
If you're sleepy, sleepy, sleepy,
go to sleep. (Ahhhhhhhh)


∴ If you're mad, mad, mad,
count to 10 - 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10. ∴
If you're mad, mad, mad,
count to 10, count to 10.
If you're mad, mad, mad,
count to 10 - 1-2-3-4-5-6-7-8-9-10.

Head & Shoulders

Head and Shoulders, Knees and Toes,
Knees and Toes, Knees and Toes.
Head and Shoulders, Knees and Toes.
Eyes and Ears and Mouth and Nose.

I Like to Eat...

I like to eat-eat-eat
Apples & bananas.
I like to eat-eat-eat
Oranges & Strawberries.
(Repeat)



Goodbye, So-Long (eldri)

Goodbye, So-long to you my friends.
(Clap-Clap)
It's time to go until we meet again.
(Clap-Clap)

The Hokey Pokey

Put one foot in,
take one foot out.
One foot in
and shake, shake, shake.
(Shake your foot)
Do the Hokey Pokey
and turn around.
(Turn around)
Let's all turn around! (clap clap)

(Add in the next foot and both feet, hands,
head, and bum.)


One Little Finger

One little finger
One little finger
One little finger, tap tap tap
Point your finger up
Point your finger down
Put it on your nose
Nose!
Toes, Eyes, Mouth...

We are friends

(To the tune of "Frère Jaques")

∴ We are friends ∴
∴ Me and you ∴
∴ Playing all together ∴
∴ Me and you ∴



How Are You Today?

How are you today-today? (clap, clap)
How are you today-today? (clap, clap)
How are you today-today? (clap, clap)
How are you today?
I am happy – I am sad
I am sleepy – I am mad
I am cold and I am hot
I am good and I am GREAT!

Family

(To the tune of "Frère Jaques")

Grandma, Grandpa
Mother, Father
Sister, Brother
Sister, Brother
Little little Baby, Little little Baby
Cat and Dog
Cat and Dog.

If You Are Wearing Colours

(To the tune of "Farmer in the Dell")

If you are wearing Red,
If you are wearing Red,
If you are wearing Red,
Touch your Head.


If you are wearing Blue,
If you are wearing Blue
If you are wearing Blue,
Count to 2.

If you are wearing Green (x3)
Bow to the Queen.

If you are wearing Black (x3)
Touch your Back.

If you are wearing Pink (x3)
Give a little Blink.

If you are wearing Brown (x3)
Please sit Down.



All Together Now

The Beatles

One, two, three, four,
Can I have a little more?
five, six, seven, eight, nine, ten,
I love you

A, B, C, D,
Can I bring my friend to tea?
E, F, G, H, I, J,
I love you


Bom bom bom, bompa bom
Sail the ship, bompa bom
Chop the tree, bompa bom
Skip the rope, bompa bom
Look at me

All together now
(All together now)
All together now
(All together now)

Black white green red
Can I take my friend to bed?
Pink brown yellow, orange and blue
I love you

All together now
(All together now)
All together now
(All together now)

Bom bom bom, bompa bom
Sail the ship, bompa bom
Chop the tree, bompa bom
Skip the rope, bompa bom
Look at me



Kookaburra

Áströlsk vísa

Kookaburra sits in the old gum tree
Merry, merry king of the bush is he
Laugh, Kookaburra! Laugh, Kookaburra!
Gay your life must be

Kookaburra sits in the old gum tree
Eating all the gum drops he can see
Stop, Kookaburra! Stop, Kookaburra!
Leave some there for me


Kookaburra sits in the old gum tree
Counting all the monkeys he can see
Stop, Kookaburra! Stop, Kookaburra!
That's not a monkey that's me

Kookaburra sits on a rusty nail
Gets a boo-boo in his tail
Cry, Kookaburra! Cry, kookaburra!
Oh how life can be.

I like the flowers

enskur keðjusöngur

I like the flowers,
I love the daffodils.
I like the mountains,
I love the rolling hills.
I like the fireside,
when the lights are low;
:: Bum di di a di ::
:: bum di di a di ::



El cuarto de Tula

Buena Vista Social Club

En el barrio La Cachimba se ha formado
la corredera.

En el barrio La Cachimba se ha formado
la corredera.

Allá fueron los bomberos con sus
campanas, sus sirenas.

Allá fueron los bomberos con sus
campanas, sus sirenas.

¡Ay, mamá! ¿Qué pasó?

¡Ay, mamá! ¿Qué pasó?

Al cuarto de Tula, le cogió candela.

Se quedó dormida y no apagó la vela.

Al cuarto de Tula, le cogió candela.


Se quedó dormida y no apagó la vela..

Les Champs Élysées

Joe Dassin

Je me baladais sur l'avenue
Le coeur ouvert à l'inconnu
J'avais envie de dire bonjour
À n'importe qui
N'importe qui ce fut toi
Je t'ai dit n'importe quoi
Il suffisait de te parler
Pour t'apprivoiser

Aux Champs-Élysées
Aux Champs-Élysées
Au soleil, sous la pluie
À midi ou à minuit
Il y a tout ce que vous voulez
Aux Champs-Élysées



Sur le pont d'Avignon

Sur le pont d'Avignon
On y danse, on y danse
Sur le pont d'Avignon
On y danse tout en rond

Chancon du Papillon

Papillon, vole, vole, vole!
Papillon, vole, vole bien!
Si tu ne sais pas voler,
les enfants vont t'attraper.
Papillon, vole, vole, vole!
Papillon, vole, vole bien!

Au clair de la lune

Frönsk vísa

Au clair du la lune
Mon ami Pierrot
Prête-moi ta plume
Pour écrire un mot
Ma chandelle est morte
Je n'ai plus de feu
Ouvre-moi ta porte
Pour l'amour de Dieu.

Au clair de la lune
Pierrot répondit
Je n'ai pas de plume
Je suis dans mon lit
Va chez la voisine
Je crois qu'elle y est
Car dans sa cuisine
On bat le briquet.